



Fréttabréf miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins 1963 – 1966, 1. hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Fréttabréf miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins 1963 - 1966

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-41, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Frá Skrifstofu Sjálfstæðisflokksins
Sendi þau 8 töl. af fréttabréfinum,
sem til hafa komið. Auk þess
tveppi með sérprentun fréttabréf-
anna á lausum blöðum, sem gert
er mið fyrir að lesa eftir mál-
flokkum. Sérprentu á töl. 6-8. er
eðlilíkt til empa. Vinsemd. Elías Jón

Fréttabréfi því, sem nú nefnið gengur koma
í stað trúnaðarmannabréfanna, sem áður fyrri voru öðru hvoru
send frá miðstjórninni, en nú hafa allengi legið niðri. Reynslan
verður að skera úr um það, hversu oft Fréttabréfin verða send,
en leitast verður við að gera það nokkurn veginn reglulega og
þó oftar, þegar mikið liggur við og eitthvað sérstakt er í frétt-
um en ef allt er með kyrrum kjörum.

Þess er ekki að vænta, að í bréfunum verði skýrt frá neinum
leyndarmálum, heldur verður þar safnað handhægum upplýs-
ingum, sem gott er að hafa á takteinum. Mestu máli skiptir, að
menn geti treyst því, að rétt sé frá skýrt, svo að þeir geti ör-
ugglega byggt sínar eigin skoðanir á þessum gögnum og stuðst
við þau í málflutningi fyrir flokkinn.

Vonandi verða ýmsar upplýsinganna þess virði, að vert sé að
halda bréfunum saman, svo að þau geti smám saman orðið að
handbók fyrir baráttumenn flokksins. Góður málstaður stoðar
ekki, nema fylgjendur hans séu fúsir til að berjast fyrir honum.
Fréttabréfunum er ætlað að verða vopn í þeirri baráttu.

Bjarni Benediktsson

ÁVARP formanns Sjálfstæðisflokksins

Fréttabréfi því, sem nú hefur göngu sína, er ætlað að koma í stað trúnaðarmannabréfanna, sem áður fyrri voru öðru hvoru send frá miðstjórninni, en nú hafa allengi legið niðri. Reynslan verður að skera úr um það, hversu oft Fréttabréfin verða send, en leitast verður við að gera það nokkurn veginn reglulega og þó oftast, þegar mikið liggur við og eitthvað sérstakt er í fréttum en ef allt er með kyrrum kjörum.

Þess er ekki að vænta, að í bréfunum verði skýrt frá neinum leyndarmálum, heldur verður þar safnað handhægum upplýsingum, sem gott er að hafa á takteinum. Mestu máli skiptir, að menn geti treyst því, að rétt sé frá skýrt, svo að þeir geti örugglega byggt sínar eigin skoðnir á þessum gögnum og stuðst við þau í málflutningi fyrir flokkinn.

Vonandi verða ýmsar upplýsinganna þess virði, að vert sé að halda bréfunum saman, svo að þau geti smám saman orðið að handbók fyrir baráttumenn flokksins. Góður málstaður stoðar ekki, nema fylgjendur hans séu fúsir til að berjast fyrir honum. Fréttabréfunum er ætlað að verða vopn í þeirri baráttu.

Bjarni Benediktsson

Viðreisn

Þegar Ólafur Thors, forsætisráðherra, flutti Alþingi 20. nóv. 1959 yfirlýsingu um stefnu núverandi ríkisstjórnar, fórust honum orð á þessa leið:

„Að undanfögnu hafa sérfræðingar unnið að ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Skjótlega eftir að þeirri rannsókn er lokið, mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur um lögfestingu þeirra úrræða, er hún telur þörf á. Athuganir hafa þó þegar leitt í ljós, að þjóðin hefur um langt skeið lifað um efni fram, að hættulega mikill halli hefur verið á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd, tekin hafa verið lán erlendis til að greiða þennan halla og að erlend lán til stutts tíma eru orðin hærri en heilbriggt verður talið. Munu tillögur ríkisstjórnarinnar miðast við að ráðast að þessum kjarna vanda-málanna, þar eð það er meginstefna ríkisstjórnarinnar að vinna að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll . . .“

(Morgunblaðið 21. nóv. 1959.)

Ríkisstjórnin hóf aðgerðir sínar með lögum nr. 4 frá 20. febr. 1960 um efnahagsmál, þar sem hafta- og uppbótarkerfið var afnumið, ákveðin ný gengisskráning og ákvæði sett til að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands.

Hver hefur orðið árangur þessara aðgerða?

Stjórnarandstæðingar staðhæfa, að ekki hafi náðst sá árangur, sem stefnt var að, svo sem aukin sparifjármyndun og bætt gjaldeyrisstaða og greiðslujöfnuður við útlönd. Þessar fullyrðingar stjórnarandstæðinga dynja stöðugt í áróðri þeirra. Dæmi:

Í forustugrein í *Þjóðviljanum* 13. marz sl. segir:

„Fátt er orðið eftir ósvikið af þeim loforðum og fullyrðingum, sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins stráðu um sig, þegar verið var að réttlæta gengislækkun í febrúar 1960 . . .“

Eysteinn Jónsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði á Alþingi 23. okt. sl. í umræðum um frumvarp til fjárlaga 1963:

„Það liggur nú hverjum manni í augum uppi, að mistekizt hefur alveg að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum með þeim aðferðum, sem ríkisstjórnin valdi . . .“

(Tíminn 25. okt. 1962.)

Staðreyndir eru skv. hagskýrslum, sem fram kemur hér á eftir:

Sparifé í árslok

| | Millj. kr. | | | | | | Okt.lok |
|-------------------------------|------------|-------|-------|-------|-------|-------|---------|
| | 1956 | 1957 | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 | 1962 |
| | 1.234 | 1.397 | 1.578 | 1.829 | 2.203 | 2.752 | 3.285 |
| Aukning yfir árið | | 163 | 181 | 251 | 404 | 549 | 533 |
| Aukning frá októberlokum 1961 | | | | | | | 731 |

Gjaldeyrisstaða bankanna í árslok

| | Millj. kr. (núgildandi gengi) | | | | | | | Okt.lok |
|--------------------------------|-------------------------------|---------|-------|---------|---------|-------|-------|---------|
| | 1955 | 1956 | 1957 | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 | 1962 |
| | 286,1 | 163,9 | 38,4 | 228,5 | — 143,8 | 126,9 | 526,6 | 933,0 |
| Breyting | — 122,2 | — 125,5 | 190,1 | — 372,3 | 270,7 | 399,7 | 406,4 | |
| Breyting frá októberlokum 1961 | | | | | | | | 543,9 |

Greiðslujöfnuður

| | Millj. kr. (núgildandi gengi) | | | | |
|--|-------------------------------|---------|---------|---------|------|
| | 1957 | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 |
| | — 438,5 | — 197,6 | — 539,5 | — 483,9 | 258 |

Hinn neikvæði greiðslujöfnuður 1960 er vegna innflutnings á skipum og flugvélum fyrir 675 millj. kr. með núgildandi gengi. Þessi innflutningur var lítilræði næstu ár á undan borið saman við 1960. Árið 1961 varð greiðslujöfnuður jákvæður í fyrsta sinn frá stríðslokum.

Stefnubreyting í skattamálum

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa róttækar breytingar verið gerðar á skattalögum landsins. Endurskoðun skattalaga var framkvæmd í tveim áföngum. Árið 1960 voru skattar á almenningi stórlækkaðir og 1962 var skattlagning fyrirtækja endurbætt.

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, segir, að tilgangurinn með endurskoðun skattalaganna hafi verið:

„Að létta skatta á almenningi, að örva atvinnulífið, auka þjóðartekjurnar og bæta á þann hátt lífskjörin, — draga úr

siðspillingu skattsvikanna og hvetja menn með sanngjarnri löggjöf til löghlýðni, einnig á sviði skattaframtala. Allt er þetta nú í réttum farvegi, og ríkissjóður nýtur einnig góðs af, því að hin réttari framtöl hafa þegar skilað meiri skatttekjum en fjárlög gerðu ráð fyrir, þrátt fyrir lækkun skattstíganna.“

(Visir 3. okt. 1962.)

Hvað var gert til að ná þeim tilgangi, sem að var stefnt?

Árið 1960:

1. Afnuminn með öllu tekjuskattur af hreinum tekjum einstaklings undir 50 þús. kr. og hjóna undir 70 þús. kr. og hækkaðar skattfrjálsar tekjur hjóna um 10 þús. kr. fyrir hvert barn. Má segja að með þessu hafi tekjuskattur verið algörlega afnuminn af venjulegum launatekjum, nema að því leyti, sem nauðsynlegt þótti til jöfnunar á aðstöðu manna vegna mismunandi framfærslubyrði. (Lög nr. 18/1960.)

2. Í stað tveggja skattstiga fyrir einstaklinga og hjón, var settur einn skattstigi, sem rís í fyrstu nokkuð örrar en áður var, en að öðru leyti er skattstiginn mjög svipaður þeim eldri. Vegna hins ríflega, skattfrjálsa persónufrádráttar lækkuðu þó skattar af öllum tekjum mjög verulega. Með þessu var náð þeim tilgangi, að óhófleg skattlagning dragi ekki úr vilja manna til framtaks og vinnusemi. (Lög nr. 18/1960.)

3. Breytingin á lagaákvæðum um tekjuskatt leiddi óhjákvæmilega til þess, að einnig varð þegar að gera breytingar á ákvæðum um niðurjöfnun útsvara, sem meðal annars tryggði það, að sveitarfélög-in gengju ekki lengra en góðu hófi gegndi í því að taka til sín í útsvör þær lækkanir, sem urðu á tekjuskattinum. Þess vegna var ákveðið, að útsvör yrðu lögð á eftir lögfestum reglum í stað þess, sem áður var, að niðurjöfnun færi eftir efnun og ástæðum. Þá voru og greidd útsvör gerð frádráttarhæf við útsvarsálagningu. (Lög nr. 43/1960.)

Árið 1962:

1. Skattstigi félaga til tekjuskatts lækkaði úr 25% í 20%. (Lög nr. 70/1962.)

2. Skattfrjáls framlög í varasjóð hlutafélaga hækkuðu úr 20% í 25%. Sameignarfélög fengu nú 25% varasjóðshlunnindi, en höfðu engin áður. Hins vegar lækkuðu skattfrjáls framlög samvinnufélaga og útgerðarfélaga úr 33 $\frac{1}{3}$ % í 25%, en jafnframt voru útgerðarfélög leyst undan skyldu um framlag í nýbyggingarsjóði sína. (Lög nr. 70/1962.)

3. Heimilud var útgáfa jöfnunarhlutabréfa til leiðréttingar við rétt verðmæti hlutafjár, án þess að skattskytt sé hjá hluthöfum. (Lög nr. 70/1962.)

4. Arðsfrádráttur hlutafélaga hækkaði úr 8% í 10% af hlutafjár-eign. (Lög nr. 70/1962.)

FRÉTTABRÉF

5. Veltuútsvar var afnumið. Í þess stað var ákveðið aðstöðugjald, sem miðast við reksturskostnað, og landsútsvar, sem lagt er á ýmis ríkisfyrirtæki og oliufélögin. (Lög nr. 69/1962.)

6. Heimilað var að flytja tap á rekstri félaga og einstaklinga á milli 5 áramóta í stað 2ja áður. (Lög nr. 70/1962.)

7. Ákveðið var, að einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, allt að 10% af skattskyldum tekjum gefanda, skyldu dragast frá skattskyldum tekjum. (Lög nr. 70/1962.)

8. Lögfest var, að kostnaður við bækur, tímarit og áhöld til vísindalegra starfa skuli draga frá skattskyldum tekjum. (Lög nr. 70/1962.)

9. Leyfður var frádráttur frá skattskyldum tekjum á vöxtum af byggingarskuldum meðan hús er í smíðum. (Lög nr. 70/1962.)

10. Heimilað var, að námskostnaður, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, megi draga frá skattskyldum tekjum næstu 5 ár eftir að námi er lokið. (Lög nr. 70/1962.)

11. Frádráttur frá skattskyldum tekjum var leyfður á aðstöðugjaldi og eignarútsvari. (Lög nr. 70/1962.)

12. Skattstiga einstaklinga til eignarskatts var breytt þannig, að ávallt er 100 þús. kr. eign skattfrjáls. (Lög nr. 70/1962.)

Hér hefur verið getið helztu nýjunga, sem felast í breytingum á skatta- og útsvarslögmum. En auk þessa hefur verið gerð gjörbylting á sjálfu framkvæmdarkerfi skattalaganna.

Afnumið hefur verið:

- 1) 219 skattanefndir,
- 2) 10 skattstjóraembætti,
- 3) 24 yfirskattanefndir.

Í staðinn hefur komið:

- 1) 9 skattstjóraembætti,
- 2) 1 ríkisskattstjóraembætti.

Tilgangurinn með breyting framkvæmdarkerfisins er að samræma og gera öruggari alla framkvæmd skattalaganna og ódýrari en áður var.

Ólöglegt Alþýðusambandsþing

Dagana 19.—23. nóv. sl. var haldið 28. þing Alþýðusambands Íslands. Hefur þing þetta orðið frægt að endemum fyrir lögleysur og ofbeldi, sem kommúnistar og Framsóknarmenn beittu löglega kjörna fulltrúa á þingið frá Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna. Var hér að visu fram haldið þeirri stefnu undanfarinna ára að útiloka þessa aðila frá þátttöku í heildarsamtökum verkafólksins. Hafði Landsambandi íslenzkra verzlunarmanna stöðugt verið synjað inngöngu

í Alþýðusambandið. En á síðastliðnu vori höfðaði Landssambandið mál fyrir Félagsdómi og gerði þær dómkröfur, að Alþýðusambandi Íslands yrði dæmt skylt að veita því inngöngu í Alþýðusambandið með fullum og óskertum félagsréttindum, sem stéttarfélagasambandi.

Félagsdómur kvað upp dóm sinn viku fyrir Alþýðusambandsþing eða 12. nóv. sl. með því dómsorði, að Alþýðusambandinu var gert skylt að veita Landssambandinu inngöngu í sambandið með fullum og óskertum réttindum.

Mikill meiri hluti Alþýðusambandsþings staðfesti í atkvæðagreiðslu, að hann vildi hlíta dómi Félagsdóms. En kommúnistar undu ekki úrslitunum og komu í veg fyrir það í framkvæmd með dyggri aðstoð Framsóknarmanna og tókst þannig að brjóta lög og rétt. Fyrir hönd þeirra, sem fara vildu að lögum, var gefin eftirfarandi yfirlýsing á þinginu:

„Á síðasta þingfundi gerðist sá atburður, að löglega kjörnum fulltrúum Landssambands íslenskra verzlunarmanna var meinaður atkvæðisréttur hér á þessu þingi, þrátt fyrir að mikill meirihluti þingsins hafði áður staðfest inngöngu LÍV í Alþýðusambandið.

Sú gerræðislega ákvörðun að svipta fulltrúa LÍV lögsmætum rétti var tekin á umræddum fundi með 26 atkvæða meirihluta. Á sama tíma er 30 lögsmætum fulltrúum meinað að hafa áhrif á gerðir þingsins.

Sá „meirihluti“, sem hér hefur myndast, er því til orðinn í krafti athafna, sem ekki eiga sér neinn stað í lögum ASÍ, né þeim venjum, sem skapast hafa við afgreiðslu körbréfa á þingum sambandsins. Hinn svokallaði meirihluti þessa þings er því fenginn með þeim hætti, sem ekki er unnt að viðurkenna né láta ómótmælt.

Um leið og við mótmælum þessum vinnubrögðum „meirihlutans“ lýsum við yfir því, að við teljum þessar og síðari gjörðir þessa þings, þar á meðal væntanlegt stjórnarkjör, ólöglegar, þótt við höldum áfram þátttöku í þingstörfum til þess að reyna að spyrna gegn frekari misbeitingu valds af hendi hins vafasama meirihluta, er skapast hefur á þinginu.“

Lexía í marxistiskum fræðum

Í sameiningu tókst Framsóknarmönnum og kommúnistum að koma í veg fyrir, að fulltrúar Landssambands íslenskra verzlunarmanna hefðu fulltrúaréttindi á síðasta Alþýðusambandsþingi samkvæmt dómi Félagsdóms. Þeir stefndu að sama marki og náðu árangri þeim, sem báðir vildu. En þá greinir á í vissum skýringaratriðum. Kemur þá í ljós, að enn getur Framsókn orðið fótaskortur á hinu marxistiska kenningakerfi. Enn bögglast fyrir Tímanum gamlar villukenningar

um lög og rétt — að visu bara fræðilega, en ekki í framkvæmd. En úr þessu skal verða bætt.

Þjóðviljinn gefur eftirfarandi lexíu í forystugrein 23. nóv. sl.:

„... Tíminn heldur því hins vegar fram, að slíkum dómi verði að hlíta, þótt blaðið viðurkenni, að hann stangist við lög og stjórnarskrá; að hlýða dómum sé „einn af hyrningarsteinum réttarríkis“. Réttarríki byggist ekki á slíkri hlýðni, heldur hinu, að dómstólarnir kveði upp réttláta dóma í samræmi við lög og stjórnarskrá. Dómstólar eru fallvaltir ekki síður en annað, og það þarf ekki mikla þekkingu á mannkynssögu til að vita, að þeim hefur oft verið misbeitt til þess að afnema raunverulegt réttarríki og frelsi þegnanna. Þegar slíkt gerist, er það ekki aðeins réttur, heldur og skylda þegnanna að rísa gegn óréttinum og hnekkja honum; í stjórnarskrá ýmissa ríkja er sá réttur tilgreindur með öðrum frelsisákvæðum.“

Afstaðan til Efnahagsbandalags Evrópu

Stofnun Efnahagsbandalags Evrópu 1. janúar 1958 með hinum svonefnda Rómarsamningi 6 Vestur-Evrópuþjóða skapaði mikinn vanda fyrir okkur Íslendinga, eins og aðrar þjóðir, sem utan við samtökin standa. Fyrirhuguð þátttaka fleiri þjóða í bandalagi þessu eykur enn á vanda þann, sem við þurfum að mæta.

Á fundi sameinaðs Alþingis 12. nóv. sl. flutti Gylfi P. Gíslason, viðskiptamálaráðherra, skýrslu ríkisstjórnarinnar um afstöðuna til Efnahagsbandalagsins.

Viðfangsefni okkar Íslendinga er fólgið í því, að

- 1) við þurfum að ná þeim viðskiptatengslum við Efnahagsbandalagið, sem eru okkur nauðsynleg;
- 2) fá tryggingu fyrir því, að jafnréttisákvæði Rómarsamningsins geti ekki orðið okkur að fjörtjóni;
- 3) finna lausn á þeim vandamálum, sem leiða af mikilli tollvernd viss hluta íslensks iðnaðar, — og
- 4) leysa þann vanda, sem leiðir af tiltölulega miklum viðskiptum okkar við jafnkeypislöndin.

Ríki getur í grundvallaratriðum tengzt Efnahagsbandalaginu á þrennan hátt:

- 1) Með fullri aðild,
- 2) aukaaðild,
- 3) viðskiptasamningi.

Ríkisstjórnin telur fulla aðild ekki koma til greina fyrir okkur Íslendinga. Á hinn bóginn telur ríkisstjórnin ekki enn unnt að gera sér endanlega grein fyrir því, hvort stefna eigi að því, að tengsl Íslands

við Efnahagsbandalagið verði á grundvelli aukaaðildarsamnings eða viðskiptasamnings (tollasamnings).

Í umræðum á Alþingi 14. nóv. sl. um skýrslu ríkisstjórnarinnar sagði **Ólafur Thors**, forsætisráðherra:

„ . . . Við höfum kynnt okkur ákvarðanir og skoðanir valdahafta bandalagsins, við höfum kynnt þeim þarfir og vandkvæði okkar Íslendinga, og við höfum forðast að binda hendur þjóðarinnar beint eða óbeint. Hygg ég, að allir, sem vilja samstarf við vestrænar þjóðir, muni að lokum viðurkenna og fagna því, að með þessu höfum við gert allt, sem í okkar valdi hefur staðið til að tryggja hagsmunum Íslands. Hitt er eðlilegt, að þeir, sem vilja rjúfa þau bönd, amist við öllu, sem gert er til að reyna að styrkja þau. —“

(Morgunblaðið 15. nóv. 1962.)

Lúðvík Jósefsson, formaður þingflokks Alþýðubandalagsins, sagði í umræðum um málið á Alþingi 14. nóv. sl.:

„ . . . Að síðustu vil ég undirstrika, að við Alþýðubandalagsmenn erum algjörlega mótfallnir allri aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu, jafnt aukaaðild sem fullkominni aðild, - - - erum við Alþýðubandalagsmenn mótfallnir því, að hv. ríkisstjórn sé í samningamakki við forráðamenn Efnahagsbandalagsins eða stofnanir þess og því teljum við að slíkum samtölum eigi að hætta með öllu.“

(Þjóðviljinn 17. nóv. 1962.)

Eysteinn Jónsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði 12. nóv. sl. í umræðum um málið á Alþingi:

„ . . . Ég tel, að markmið Íslendinga eigi að vera samningar um tolla- og viðskiptamál, án annarra tengsla við bandalagið. . . . Loks vil ég leggja áherzlu á eftirfarandi meðferð málsins: Að nú verði ákveðið að biða átekta varðandi afstöðu Íslands til samninga við bandalagið. Að það þýði, að viðtöl um leiðir í málefnum Íslands og bandalagsins verði stöðvuð og ekki látin fara fram, fyrr en ríkisstjórn og Alþingi hafa gert upp við sig eftir hverju Ísland ætlar að sækjast í samningum við bandalagið.“

(Tíminn 13. nóv. 1962.)

Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, sagði á Alþingi 23. nóv. sl. í umræðum um málið:

„ . . . Og það er rétt fyrir okkur að hugleiða, að eina ráðið til að eftir okkur verði munað, til að hagsmunum okkar sé gætt, er að við látum sjálfir í okkur heyra. Því að ef við gerum það ekki sjálfir, hverjir eiga þá að gera það? . . . Það má vel vera, að það verði ekki hægt að sameina allt það, sem við sækjumst

eftir. En við eigum ekki á þessu stigi málsins að útiloka neina þá leið, sem fær kann að vera, þegar af þeirri ástæðu, að sú útilokun verður ekki virt af öðrum, aðrir tala um allt, sem þeim sýnist við okkur, og við eigum vitanlega sjálfir að sækjast eftir öllum þeim hlunnindum, sem við getum, sjálfra okkar vegna, sjálfir, því að ef við gerum það ekki, gera það engir aðrir. Ég veit, að Framsóknarmenn skilja þetta jafn vel eins og við hinir, og ég þekki þá nú svo vel, af margra ára samvinnu, að mér dettur ekki í hug að taka eitt augnablik gilda yfirlýsingu þeirra um það, að ekki komi annað til greina en tolla- og viðskiptasamningur af þeirra hálfu, ef annað betra væri fáanlegt. Það má vel vera, að þeir telji sér henta á þessu stigi málsins að halda slíku fram, eins og þeir hafa í ýmsum öðrum málum, sem ekki hafa minni þýðingu, t. d. varnarmálunum, haldið hinum fráleitustu hlutum fram fyrir kosningar, en síðan tekið upp skynsamlega afstöðu eftir kosningar, þ. e. a. s. ef þeir fengju að koma í stjórn.“

(Morgunblaðið 24. nóv. 1962.)

Tollalækkanir

Í nóvember 1961 voru lækkaðir tollar á allmörgum vörutegundum, sem gætir mikið í neyžuútgjöldum alls almennings. Tollar á þessum vörum voru mjög háir eða frá 106% upp í allt að 312% af cif-verðmæti, en voru lækkaðir niður í 52% til 125%.

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, segir um þessa ráðstöfun:

„Tilgangurinn var sá, að lækka verð á ýmsum varningi, almenningsi til hagsbóta, og reyna um leið að draga úr hinu geigvænlega smygli. Þessari tilraun fylgdi veruleg áhætta fyrir ríkissjóð. Ef hinn löglegi innflutningur héldist óbreyttur á þessum vörum, myndi ríkissjóður tapa um 50 millj. kr. á ári á þessum ráðstöfunum. En þeir, sem að þessari tilraun stóðu, höfðu bjargfasta trú á því, að tollalækkunin myndi minnka smyglið og leiða miklu meira af innflutningnum inn á löglegar brautir, svo að ríkissjóður myndi ekki verða fyrir tjóni.“

(Vísir 3. okt. 1962.)

Við tollalækkunina varð mikil verðlækkun á þessum vörum. Þannig lækkaði ýmiss konar ytri fatnaður um 18—28%, kvensokkar um rúm 30%, kvenskór um 14—16%, niðursoðnir ávextir um 16%, ljósakrónur um 13—16%, snyrtivörur um 33—39% og á úrum og myndavélum var um enn meiri verðlækkun að ræða.

Áhrif þessarar tollalækkunar á innflutning og tolltekjur ríkissjóðs má sjá af eftirfarandi:

| | |
|--|-----------------|
| Innflutningur þessara vara (eftir núgildandi gengi) var: | |
| janúar—júni 1961 | 34,7 millj. kr. |
| janúar—júni 1962 | 75,1 — — |
| Tolltekjur af þessum vörum voru: | |
| janúar—júni 1961 | 47,8 millj. kr. |
| janúar—júni 1962 | 65,5 — — |

Getur nokkur bóndi lengur efazt?

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var því heitið að koma skyldi lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll. Um þörf þessa fyrir landbúnaðinn fórust **Ingólfri Jónssyni**, landbúnaðarráðherra, svo orð í ræðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 20. okt. 1961:

„Til þess að landbúnaðurinn geti starfað á æskilegan hátt með eðlilegri uppbyggingu og þróun, er nauðsynlegt, að lánasjóðir landbúnaðarins séu á hverjum tíma aflögufærir og geti veitt lán til nauðsynlegrar uppbyggingar. Eins og nú standa sakir, eru lánasjóðir landbúnaðarins á heljarþróm, vegna þess að þeir hafa undanfarin ár, að árinu 1960 undanskildu, tekið erlend lán og borið gengisáhættuna.“

(Landsfundarskýrsla 1961, bls. 62.)

Þetta hefur gerzt:

Samþykkt voru lög nr. 75/1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Aðaltilgangur laganna er að sameina Ræktunarsjóð Íslands og Byggingarsjóð sveitabæja í einn sjóð, er beri nafnið Stofnlánadeild landbúnaðarins, og tryggja starfsgrundvöll hins nýja sjóðs.

Með frumvarpi að lögum þessum var lögð fram ýtarleg greinargerð um rannsókn, sem gerð hafði verið á framtíðarhag Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs. (Alþ.tíð. 1961, bls. 1008—1015.) Kom þar í ljós, að miðað við óbreytta skipan og þær forsendur, sem áætlunin byggðist á, myndi hag sjóðanna stöðugt halda áfram að hraka eins og hér segir:

Ræktunarsjóður

| | |
|--|------------------|
| Skuldir umfram eignir skv. ársreikningi 1961 | 52,6 millj. kr. |
| Áætlaður reksturshalli á árunum 1962—1970 | 100,6 — — |
| Áætlaðar skuldir umfram eignir í árslok 1970 | 153,2 millj. kr. |

Byggingarsjóður

| | |
|--|-----------------|
| Eignir umfram skuldir skv. ársreikningi 1961 | 17,9 millj. kr. |
| Áætlaður reksturshalli á árunum 1962—1970 | 32,4 — — |
| Áætlaðar skuldir umfram eignir í árslok 1970 | 14,5 — — |

Með lögnum um Stofnlánadeild landbúnaðarins var ákveðið, að deildin tæki á sig allar skuldbindingar, sem við gildistöku laganna hvíldu á Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði. En stofnfé deildarinnar var ákveðið sem hér segir:

- 1) Eignir Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs, eins og þær voru við gildistöku laganna.
- 2) Lán, sem ríkissjóður veitti Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði, ásamt áföllnum vöxtum, samtals 34,9 millj. kr.
- 3) Skuldabréf, sem ríkissjóður afhendir deildinni til eignar, samtals að upphæð 9,1 millj. kr.
- 4) 16,5 millj. kr., sem ríkissjóður eða Ríkisábyrgðarsjóður greiðir af erlendum lánum Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs árin 1961, 1962 og 1963.

Samkvæmt 2.—4. tölul. var þannig ákveðið, að Stofnlánadeildin fengi nýtt stofnfé að upphæð 60,5 millj. kr., sem ríkissjóður hafði ýmist lánað Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði eða greitt vegna þeirra í áföllnum ábyrgðum.

Til þess að tryggja framtíðaruppbyggingu Stofnlánadeildarinnar og starfsfé til hennar á komandi árum ákváðu lögín, að tekjur deildarinnar skuli vera, auk vaxtatekna, sem hér segir:

- 1) Fast árlegt framlag ríkissjóðs 4 millj. kr.
- 2) 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sem ákvarðað skal og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald, skv. lögum nr. 38/1945.
- 3) Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri upphæð og tekjur skv. 2. tölulið.
- 4) Gjald af útsöluverði mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0,75% af verði sömu afurða skv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma.

Með framangreindum ráðstöfunum hefur verið lagður grundvöllur að öflugum og vaxandi lánasjóði landbúnaðarins. Áætlun um hag og rekstur Stofnlánadeildarinnar, þegar frá liði, fylgdi frumvarpinu að lögum fyrir deildina. (Alþ.tíð. 1961, bls. 1004—1007.) Af áætlun þessari, sem byggð er á ákveðnum forsendum og miðar við stofnfé og lögákveðnar tekjur deildarinnar, kemur fram eftirfarandi:

| | |
|--|------------------|
| Eignir umfram skuldir við opnun deildarinnar 1/5 | |
| 1962 | 26,0 millj. kr. |
| Áætlaður tekjuafgangur á árunum 1962—1970 | 228,5 — — |
| Áætlaðar eignir umfram skuldir í árslok 1970 | 254,5 millj. kr. |

Ennfremur sýnir áætlun þessi, að greiðsluafgangur lánadeildarinnar árið 1962 verði rúmar 30 millj. kr. og árið 1963 um 50 millj. kr. og fari þannig hækkandi fyrir hvert ár að nemi árið 1970 um 100 millj. kr. og árið 1975 nær 150 millj. kr. Greiðsluafgangur þessi er það fjármagn, sem áætlað er, að lánadeildin geti árlega ráðstafað til útlána af eigin tekjum sínum og lögakveðnum lánnum úr Mótvirðis-sjóði. En auk þess heimila löginn um Stofnlánadeildina Búnaðarbanka Íslands að taka vegna Stofnlánadeildarinnar, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, allt að 300 millj. kr. lán, ef árlegt ráðstöfunarfé deildarinnar nægir ekki til að hún geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu. Samkvæmt þessari heimild fékk Stofnlánadeildin þegar árið 1962 lán að upphæð 49 millj. kr., sem ráðstafað var til útlána.

Hér hefur verið skýrt frá, hvernig gjaldþrota lánasjóðum hefur verið breytt í öflugan lánasjóð landbúnaðarins. Framsóknarmenn kalla aðgerðir þessar áráð á bændur. Málið er rætt í forustugrein Tímans 11. marz sl. með eftirfarandi lokaorðum:

„... Getur nokkur bóndi lengur efazt um það, hvern hug núverandi ríkisstjórn ber til landbúnaðarins og bændastéttarinnar?“

Svari nú hver, svo sem hann hefur samvizku til.

„Röksemdafærslan um aukavinnuna“

Sigurvin Einarsson, alþingismaður, talar:

Í febrúar 1960:

„Samdráttarstefna hæstv. ríkisstjórnar hlýtur að valda minnkandi atvinnu manna, sem fyrst og fremst bitnar á aukavinnu manna, sem greidd er 50—100% hærra verði en dagvinnna.“

(Úr þingræðu við 2. umr. um frv. ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál. Tíminn 2. marz 1960.)

Í maí 1962:

„Þá er einnig gripið til þess að segja, að menn geti unnið aukavinnu. En hvert eiga þá bændur og bændasynir að sækja þá aukavinnu? En þeir eru undir þessu sama lögmáli „viðreisnarstefnunnar“. Röksemdafærslan um aukavinnuna er hrein áráð á hin óskráðu vökulög í landinu.“

(Úr eldhúsdagsumræðum. Tíminn 11. maí 1962.)

Hið „frysta“ fé

Breyting á lögum um Landsbanka Íslands var gerð árið 1957. Í athugasemdum við frumvarp að lögum um breytingu þessa sagði um 11. gr. þeirra:

„Þá felst í grein þessari heimild fyrir stjórn Seðlabankans til þess, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, að ákveða vexti banka og sparisjóða og ákveða að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í Seðlabankanum og þá hve miklar. Bæði þessi atriði eru svo þýðingarmiklir þættir í þróun peningamála landsins að nauðsynlegt þykir, að stjórn Seðlabankans geti haft af þeim afskipti.“

(Alþingistíðindi 1956, bls. 1213.)

Þessi löggjöf var verk vinstri stjórnarinnar. En nú eru bindingar-ákvæðin um sparifé í lögum frá 1961 um Seðlabanka Íslands, með þeim breytingum frá því sem áður var, að

- 1) fyrirmælin ná nú til innlánsdeilda kaupfélaga, auk banka og sparisjóða,
- 2) hámark, sem ekki var áður, er nú sett fyrir innstæðubindingu hjá hverri innlánsstofnun.

Framsóknarmenn halda nú uppi mögnum áróðri út af sparifjarbindingunni.

Þagað er um

- 1) hlut vinstri stjórnarinnar í málinu,
- 2) hámarksákvæðin til öryggis innlánsstofnunum.

Fordæmt er, að

- 1) sama skuli ganga yfir innlánsdeildir kaupfélaganna sem aðrar innlánsstofnanir, þ. e., að allir, sem hafa sömu réttindi innlánsstofnana, beri sömu skyldur,
- 2) innlánsbindingin sé aðferð ríkisstjórnarinnar til að taka fjármagnið frá hinum dreifðu byggðum og flytja til Reykjavíkur,
- 3) innlánsbindingin sé til þess að draga fjármagn frá framleiðslunni og þrengja að atvinnuvegum landsmanna.

Hið sanna:

Bundið sparifé í Seðlabankanum var 1. okt. sl. sem hér segir:

| | | | |
|---|------------------|---|---|
| Frá bönkum og sparisjóðum í Reykjavík ... | 341,9 millj. kr. | | |
| — útibúum bankanna utan Reykjavíkur .. | 74,6 | — | — |
| — sparisjóðum utan Reykjavíkur | 65,7 | — | — |
| — innlánsdeildum kaupfélaga | 6,8 | — | — |

489,0 millj. kr.

Seðlabankinn notar þetta fjármagn aðallega til afurðalána og myndunar gjaldeyrisvarasjóðs. Því var ráðstafað ásamt öðru fjármagni bankans 1. okt. sl. meðal annars sem hér segir:

| | |
|----------------------------|----------------|
| Lán til landbúnaðar | 258 millj. kr. |
| Lán til sjávarútvegs | 563 — — |
| Gjaldeyrissjóður | 816 — — |

Ef taka á bundna spariféð af Seðlabankanum, verður annað hvort að minnka útlán til framleiðslunnar eða eyða gjaldeyrissjóðnum. Eysteinn Jónsson hefur verið spurður að, hvort heldur hann vildi láta gera. Eysteinn hefur ekki svarað. Spyrjið aðra Framsóknarmenn.

Glögg er enn, hvað þeir vilja

Framsóknarflokkurinn gengur nú hart fram í krossferðinni gegn ríkisstjórninni. Kosningar nálgast og kominn er hann í vinstri buxurnar. Hann heitir nú á „vinstri“ menn, sem fyrr, að duga vel og fylkja sér um Framsóknarstefnuna. Hann segist ekki lakari vinstri flokkur en meira að segja sjálfir kommúnistar. Og að sjálfsgöðu verður að sýna það í verki. Þess vegna

- 1) tekur Framsóknarflokkurinn fyrirfram afstöðu gegn hvers konar beinni aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu — eins og kommúnistar;
- 2) beitir Framsóknarflokkurinn ofbeldi og lögleysum í Alpýðusambandi Íslands — eins og kommúnistar.

En sitthvað er forleikur alþingiskosninga hjá Framsókn og raunverulegar fyrirætlanir.

Hvað segja þeir um sínar fyrirætlanir?

Í forustugrein Tímans 24. júlí sl. stendur:

„Stjórnarblöðin segja, að Framsóknarmenn vilji láta stjórnarflokkana missa meiri hlutann til að geta myndað stjórn með kommúnistum á eftir. Stjórnarblöðin vita þó vel, að á þessu tvennu er vitanlega reginmunur, þótt ekki sé litið á þetta frá öðru sjónarmiði en því, að til þess að starfhæfur þingmeirihluti stjórnarflokkanna glattist, þurfa þeir ekki að missa nema 2 þingsæti, en til þess að samstjórn Framsóknarmanna og kommúnista sé fræðilega möguleg, þurfa stjórnarflokkarnir að missa minnst fimm þingsæti. Þótt stjórnarflokkarnir tapi í næstu þingkosningum, er ólíklegt að tap þeirra verði svo mikið. Hins vegar er engin fjarstæða að álykta, að þeir geti misst 2—3 þingsæti. . . . Framsóknarflokkurinn biður ekki um, að stjórnarflokkarnir verði sviptir þingmeirihlutanum til þess að koma hér á stjórn, sem annað hvort verður undir merkjum íhaldsstefnu eða kommúnisma, heldur til þess að hér komist á stjórn, er láti hvorugri þessara stefna. Nú drottunar hér íhaldsstefna, en stjórnarflokkarnir þurfa ekki að missa nema tvö þingsæti, til þess að henni verði steipt úr sessi. . . . Það eitt myndi gerast, að þingmeirihluti stjórnarflokkanna tapaðist, að áhrif íhaldsins yrðu minni, jarðvegurinn fyrir kommúnisma lakari . . .“

Þetta þýðir, að

- 1) Framsóknarflokkurinn telur ekki fjarstæðu, að hægt sé að fella ríkisstjórnina í næstu alþingiskosningum;
- 2) Framsóknarflokkurinn telur samt ólíklegt, að hann verði það öflugur að geta myndað „vinstri“ stjórn með kommúnistum;
- 3) Framsóknarflokkurinn telur æskilegast að komast í ríkisstjórn með núverandi stjórnarflokkum, sem þá gæti ekki orðið til annars en til að framkvæma núverandi stjórnarstefnu.

Fordæmi:

Framsóknarflokkurinn felldi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins í marz 1950 með því að samþykkja vantraust á efnahagsmálastefnu stjórnarinnar. Síðan myndaði Framsóknarflokkurinn ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum til að framkvæma þá efnahagsmálastefnu, sem hann hafði samþykkt vantraust á.

Spurning:

Hverjir myndu fagna því, að Framsóknarflokknum tækist við alþingiskosningar næsta sumar að koma fram áformum sínum?

Væru það

- 1) „vinstri“ menn, sem Framsókn biðlar nú til,
- 2) almennigur, sem vill viðreisnarstefnuna áfram, eða
- 3) valdastreitumenn Framsóknar, sem mæna á ráðherrastóla?

Tímarnir tvennir

Nóvember — desember 1962:

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, undirritaði í London 29. nóv. samning fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands við Hambros Bank um útboð og sölu skuldabréfa fyrir láni að upphæð 2 millj. sterlingspunda.

Leyfi brezkra yfirvalda til lántöku þessarar var ekki bundið neinum skilyrðum um notkun fjárens, hvorki að því er varðar tegund þeirra framkvæmda, sem það skyldi renna til, né um vörukaup í Bretlandi.

Stórblöðin brezku, svo sem Times í London, birtu greinar, þar sem sagði, að íslenska lánið væri prófsteinn á það, hvort London myndi aftur verða miðstöð hins alþjóðlega fjármálalífs. Myndi sjást, hvort svo yrði, á því, hvernig gengi að selja skuldabréf íslenska lánsins á frjálsum lánamarkaði.

Sala skuldabréfanna fór fram í kauphöllinni í London 3. des. Öll skuldabréfin seldust upp og var eftirspurnin 50% meiri en upphæð lánsins var.

Hinn góði árangur var þakkaður trausti á fjármálum Íslands og öðrum ástæðum fjármálalegs eðlis.

Nóvember — desember 1956:

Eysteinn Jónsson, þáverandi fjármálaráðherra, falaðist eftir láni fyrir vinstri stjórnina. Fjármálatraustið var litið, en hins vegar var upp á að bjóða ályktun Alþingis frá 28. marz um brottflutning varnarliðsins.

Stórblaðið New York Times birti 26. nóv. þessa frétt:

„Ísland hefur fallizt á að láta bandarískt herlið hafa áfram yfirstjórn hinnar hernaðarlega þýðingarmiklu Keflavíkurflugstöðvar, — en gegn gjaldi. . . . Bandaríkin fallast enn fremur á að veita Íslandi efnahagslega og fjármálalega aðstoð. . . .“

Í desember var tilkynnt, að Ísland væri búð að fá 4 millj. dollara lán hjá Bandaríkjunum. Í bandarísku tilkynningunni sagði:

„Fé til dollaralánsins er fengið úr sérstökum sjóði, sem forseti Bandaríkjanna ræður yfir samkvæmt heimild Bandaríkjaþings og aðeins má nota til ráðstafana, sem forsetinn telur mikilvægar fyrir öryggi Bandaríkjanna.“

Hinn góði árangur þessarar lánsúttegunar var „þakkaður“ því, að varnir landsins væru gerðar að verzlunarvöru, sbr. yfirlýsing ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna, sem gefin var út í desember, en þar sagði meðal annars:

„Viðræðurnar hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, er skapað hefur í alþjóðamálum undanfarið og áframhaldandi hættu, sem steðjar að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafsríkjanna, sé þörf varnarliðs á Íslandi samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins.“

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Þjóðarframleiðsla

Því var strax lýst yfir, þegar ríkisstjórnin tók við völdum, að meginstefna hennar í efnahagsmálunum væri að skapa skilyrði fyrir sem örastrí framleiðsluaukningu. Í framsöguræðu sinni á Alþingi fyrir frumvarpi að lögunum um efnahagsmál sagði forsætisráðherra Ólafur Thors 5. febrúar 1960:

„Ef sú viðreisnaráætlun, sem ríkisstjórnin nú leggur fyrir Alþingi, nær þeim tilgangi, sem vonir standa til, og hann getur náðst á skömmum tíma, ef þjóðin sýnir aðgerðum stjórnarinnar skilning, þá er með því lagður grundvöllur að nýrri uppbyggingu atvinnuveganna á traustari grundvelli en við höfum áður þekkt um áratugaskeið. Íslendingar geta þá slegið í fylgd með fjölmörgum þjóðum hins frjálsa heims, sem á undanförunum árum hafa bætt lífskjör sín meir og örvar en nokkru sinni fyrr.“

(Morgunblaðið 6. febr. 1960.)

Stjórnarandstaða Framsóknar og kommúnista hefur haldið því fram, að viðreisnarráðstafanirnar stefndu ekki að því að skapa skilyrði örari framleiðsluaukningar. Stjórnarandstaðan hefur haldið hinu gagnstæða fram, að efnahagsmálafestna ríkisstjórnarinnar stefndi að samdrætti þjóðarframleiðslunnar og hefur það verið eitt aðalárásarefnið á aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Frá upphafi hefur stjórnarandstaðan verið ómyrk í máli um þessar skoðanir sínar. Þannig sagði **Hannibal Valdimarsson**, formaður Alþýðubandalagsins í blaðagrein um það leyti, sem viðreisnarlöggjöfin frá 1960 var sett:

„- - - það hygg ég ekki ofsagt, að meginþorri þjóðarinnar beri nú ugg í brjósti um, að þessar efnahagsráðstafanir muni hrinda af sér gífurlegri dýrtíðaröldu annars vegar og valda samdrætti og stöðnun í atvinnulífi og framkvæmdum.“

(Vinnan, marz 1960.)

Hermann Jónasson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins, sagði um málið 30. maí 1960 í eldhúsdagssumræðum á Alþingi:

„- - - það er sama hvar gripið er niður, alls staðar er stefnt að stöðvun og samdrætti.“

(Tíminn 2. júní 1960.)

Slikur hefur söngurinn verið síðan og sízt dregið af. **Karl Kristjánsson**, alþingismaður, sagði t. d. í útvarpsmæðum frá Alþingi 13. marz 1961:

„Samdráttarstefna ríkisstjórnarinnar dregur úr framförum og framleiðslu og þar með atvinnulífi og þjóðartekjum — skapar hugarfar bölsýninnar, kyrrstöðu, afturför, upplausn og skort.“
(Tíminn 15. marz 1961.)

Ekki hafa þessir sleggjudómar stjórnarandstöðunnar verið beint til þess fallnir að auka á skilning þann, sem forsætisráðherra kvað svo mikilvægt, að þjóðin sýndi aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Ekki hefur stjórnarandstaðan í túlkun sinni á málinu gert neinn greinarmun á því, hvort samdráttur yrði í framleiðslunni meðan verið væri að leggja þann grundvöll, sem ríkisstjórnin taldi skilyrði örari framleiðsluaukningar, eða hvort þeir teldu unnið fyrir gýg að koma hinum nýja grundvelli á vegna þess, að hann skapaði ekki skilyrði fyrir örari framleiðsluaukningu. Á þessu er að sjálfsögðu skilsmunur.

Ríkisstjórnin gaf ekkert fyrirheit um örari framleiðsluaukningu, fyrr en hún hefði skapað skilyrði fyrir henni. Þvert á móti var boðað, að erfiðleikar myndu fylgja því að koma á hinu nýja efnahagskerfi, en það myndi bera árangur síðar. Annað mál er það, að almenningur hefur ekki fundið til þessara erfiðleika eins og mátt hefði ætla. Sýnir það, hve giftusamlega aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa farið úr hendi. En það, sem mest er um vert, er sú staðreynd, að hið nýja efnahagskerfi er nú þegar farið að bera sýnilegan árangur og gefa fyrirheit um enn meiri árangur í framleiðsluaukningu.

Stjórnarandstaðan neitar hins vegar staðreyndum. Hún heldur sér enn við þá kenningu, að aðgerðir ríkisstjórnarinnar stefni að samdrætti þjóðarframleiðslunnar. En stjórnarandstaðan er ekki ein til frásagnar um þróun þjóðarframleiðslunnar. Hagdeild Framkvæmdabankans hefur látið vinna margþættar skýrslur um þjóðarframleiðsluna á tímabilinu 1945—1960, sem nú hafa verið birtar í riti bankans. (Úr þjóðarbúskapnum, júní 1962, bls. 3—30.) Ennfremur hefur Efnahagsstofnunin unnið sams konar skýrslur fyrir árið 1961 og skýrslur fyrir árið 1962, sem byggðar eru á bráðabirgðatölum.

Samkvæmt þessum upplýsingum hefur þróun þjóðarframleiðslunnar verið árin 1956—1962 svo sem fram kemur í eftirfarandi töflu, en þar greinir frá

- 1) þjóðarframleiðslu hvers árs reiknaðri í millj. króna á verðlagi ársins 1960,
- 2) vísitölu þjóðarframleiðslunnar fyrir hvert ár.

Þróun þjóðarframleiðslu 1956—1962

| | 1956 | 1957 | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 | 1962 |
|------------|-------|------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Millj. kr. | 7093 | 7046 | 7667 | 7808 | 8039 | 8280 | 8695 |
| Visitála | 100,0 | 99,3 | 108,1 | 110,1 | 113,3 | 116,7 | 122,6 |

Hafa ber í huga, að þjóðarframleiðslan er að sjálfsögðu mjög háð aflabrögðum. Árið 1958 voru aflabrögð sérlega góð og kom það fram í mikilli aukningu þjóðarframleiðslu það ár, þegar miðað er við árið á undan, en árið 1957 minnkaði þjóðarframleiðslan. Árið 1962 var einnig mikið aflaár að því er varðar sildveiðarnar, en hins vegar brást afli togaranna, svo sem kunnugt er.

En af framangreindri töflu má marka:

- 1) Á árum vinstri stjórnarinnar 1957 og 1958 nam aukning þjóðarframleiðslunnar 8,1%.
- 2) Í tíð núverandi ríkisstjórnar árin 1960, 1961 og 1962 hefur aukning þjóðarframleiðslunnar numið 11,4%.

En gæfumuninn gerir, að

- 1) vinstri stjórnin með ráðleysi sínu veikti grundvöll framleiðslustarfseminnar, svo að stefndi til minni aukningar þjóðarframleiðslunnar, eins og fram kom með aðeins 1,8% aukningu árið 1959, en
- 2) viðreisnarstjórnin hefur styrkt grundvöll framleiðslunnar með afnámi hafta- og uppótakerfisins, myndun öflugra gjaldeyris-sjóða og greiðslujöfnuði við útlönd ásamt jafnvægi í peningamálum innanlands, svo að framleiðsluaukningin hefur orðið meiri frá ári til árs, 3,0% árið 1960, 3,0% 1961 og 5,0% 1962.

Leiðin til bættra lífskjara

Þegar stjórnarandstaðan rak upp ramakvein sitt út af viðreisnarlögðöfínni 1960, þóttist hún fyrst og fremst bera fyrir brjósti hagsmuni verkalýðs- og launþega. Haldið hefur verið fram, að viðreisnar-ráðstafanirnar væru við það miðaðar og til þess ætlaðar að skerða lífskjör almennings, verkalýðs og launþega. Þetta hefur átt að gerast með því að

- 1) minnka þjóðartekjurnar og
- 2) minnka hlutdeild launþega í þjóðartekjunum.

Þessu hafa þeir haldið fram, mennirnir úr vinstri stjórninni, sem engin úrræði áttu sjálfir, þegar þeir hlupust frá vandanum í árslok 1958. Og svo úrræðalausir hafa þeir verið í stjórnarandstöðunni, að megin viðleitni þeirra snýst um það að gera ríkisstjórninni upp tilgang og hug þvert ofan í yfirlýstan vilja hennar og stefnu.

Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, sagði í eldhúsdagsumræðum frá Alþingi 27. marz 1961:

„Reynslan hefur þegar sannað, að vandinn verður ekki leystur með því að þykjast ekki sjá hann né með úrræðum eða réttara sagt úrræðaleyfi stjórnarandstæðinga. Hún á eftir að skera úr um, hvort okkur tekst svo sem hugur okkar stendur til. Vist er, að allir landsmenn eiga mikið undir því, að tilraun okkar

takist, og engir þó meir en verkalýður og launþegar. Ef sæmi-
legt jafnvægi í efnahagsmálum næst til frambúðar, skapast
þar með mestar líkur fyrir því, að almenningur verði, svo sem
efni standa til, aðnjótandi hækkunar þjóðartekna. Viðleitni
ríkisstjórnarinnar stefnir að því, að svo megi verða - - . En
við skulum hvorki láta hrekjast aftur á bak né af leið, því að
ef við höldum svo fram sem nú horfir, þá erum við vissulega
á leiðinni til bættra lífskjara.“

(Morgunblaðið 29. marz 1961.)

Og hver hefur svo reynslan orðið? Hefur okkur miðað áleiðis til
bættra lífskjara?

Þegar stjórnarandstæðingar svara þessari spurningu, benda þeir
á lægsta kauptaxta Dagsbrúnar. Það gefur ekki rétta hugmynd um
þróun kaupmáttar tímakaups og lífskjara Dagsbrúarmanna vegna
þess að

- 1) atvinnutekjur ákvarðast ekki aðeins af breytingu lægsta taxt-
ans, heldur af breytingum annarra taxta en lægsta taxtans,
færslu starfa milli taxtaflokka, breytingu yfirvinnugreiðslna,
áhrifum ákvæðislauna, fjölda vinnustunda og hlutfallinu milli
almennra vinnustunda og yfirvinnustunda,
- 2) breyting lífskjara verður ekki aðeins metin með tilliti til at-
vinnutekna og neytluvöruverðlags, heldur einnig með tilliti til
áhrifa beinna skatta og beinna persónulegra styrkja (þ. e. fyrst
og fremst fjölskyldubóta).

Og þar sem lægsti kauptaxti Dagsbrúnar er enginn mælikvarði á
lífskjör Dagsbrúarmanna sjálfra, þeim mun fráleitara er að ganga
út frá því, að hann segi rétt til um lífskör launþega almennt.

Beztu upplýsingar um þróun lífskjara launþega fást hins vegar af
þeim úrtaksrannsóknnum um atvinnutekjur kvæntra verkamanna, sjó-
manna og iðnaðarmanna, sem framkvæmdar hafa verið eftir skatta-
framtölum árlega um langt skeið. Við þessar tekjur verður fyrir síð-
ustu ár að bæta áhrifum skattalækkana og aukningar beinna persónu-
legra styrkja, en það hefur megin þýðingu fyrir samanburð lífskjara
fyrir og eftir 1960 vegna hinnar miklu lækkunar beinna skatta og
hækkunar fjölskyldubóta, sem þá átti sér stað. Með því að bera saman
atvinnutekjur þannig leiðréttar við breytingar á vísitölu neytluvör-
verðlags fást raunverulegar atvinnutekjur, sem telja má mælikvarða
á lífskjörin.

En til þess að fá hugmynd um það, hvernig lífskör launþega hafa
breytzt samanborið við raunverulegar þjóðartekjur, þarf að bera
launatekjurnar samkvæmt framangreindum mælikvarða saman við
þróun þjóðarteknanna á mann.

Hér á eftir fer tafla um þessi efni, sem byggð er á upplýsingum og
útreikningum hagdeildar Framkvæmdabankans og Efnahagsstofnun-

FRÉTTABRÉF

arinnar. (Tölur fyrir árið 1962 eru bráðabirgðatölur.) Þar kemur
fram fyrir árin 1956—1962:

- 1) Meðallaunatekjur á mann í þúsundum króna samkvæmt úrtaks-
rannsóknnum um atvinnutekjur kvæntra verkamanna, sjómanna
og iðnaðarmanna, leiðréttar frá og með 1960 vegna skattalækk-
ana og aukningar fjölskyldubóta og umreiknaðar til verðlags
ársins 1960.
- 2) Vísitala meðaltekna samkvæmt 1. dálki.
- 3) Vísitala hreinna þjóðartekna á mann á föstu verðlagi.
- 4) Vísitala afstöðu atvinnutekna til þjóðartekna á mann, þ. e. vís-
itala samkvæmt 2. dálki deild með vísitölu samkvæmt 3. dálki.

| Ár | Meðal- launatekjur á mann Þús. kr. | Vísitala meðallauna- tekna á mann | Vísitala þjóðartekna á mann | Vísitala afstöðu meðal- launatekna til þjóðartekna á mann |
|------|---|---|-----------------------------------|---|
| | (1) | (2) | (3) | (4) |
| 1956 | 72.704 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 1957 | 70.542 | 97,0 | 96,4 | 100,6 |
| 1958 | 76.458 | 105,2 | 105,0 | 100,2 |
| 1959 | 82.048 | 112,8 | 105,2 | 107,2 |
| 1960 | 81.873 | 112,6 | 104,3 | 108,0 |
| 1961 | 82.603 | 113,6 | 109,3 | 103,9 |
| 1962 | 84.990 | 116,9 | 113,4 | 103,1 |

Framangreind tafla ber með sér:

- 1) Raunverulegar atvinnutekjur verkamanna, iðnaðarmanna og
sjómanna hækkuðu í tíð vinstri stjórnarinnar um 5,2%, en hafa
hækkað síðan um 11,0%.
- 2) Þjóðartekjur á mann hækkuðu í tíð vinstri stjórnarinnar um
5,0%, en hafa hækkað síðan um 8,0%.
- 3) Hlutfallið milli raunverulegra atvinnutekna og þjóðartekna
hélzt lítt breytt í tíð vinstri stjórnarinnar og var vísitala af-
stöðunnar 100,2 árið 1958, en síðan hefur hlutfallið orðið laun-
þegum miklum mun hagstæðara og komst vísitala afstöðunnar
í 108,0 árið 1960.

Þetta sýnir að

- 1) þjóðartekjurnar hafa ekki minnkað heldur aukizt í tíð núver-
andi ríkisstjórnar,
- 2) hlutdeild launþega í þjóðartekjunum hefur aukizt frá því, sem
var í tíð vinstri stjórnarinnar.

Ráðningin á gátunni

Um þessar mundir fara fram stjórnarkosningar í verkalýðsfélögum víðs vegar um land. Er þar víðast hvar kosið milli kommúnista annars vegar og lýðræðissinna hins vegar, eins og hefur verið um langt skeið. Á vinstri stjórnartímanum og síðan hefur Framsóknarflokkurinn beitt öllu sínu atfylgi til stuðnings kommúnistum í þessari baráttu. Kommúnistar eiga Framsóknarflokknum því fjör sitt að launa í verkalýðshreyfingunni.

Þetta er mönnum stöðugt undrunarefni, þar sem Framsóknarflokkurinn vill telja sig til lýðræðisflokka landsins. Og enn mun furðulegra er þetta, þar sem vitað er, að forusta Framsóknarflokksins gerir sér grein fyrir, og hefur lengi gert, hvaða skaðvaldur kommúnistar eru í verkalýðshreyfingunni. Þannig sagði t. d. **Eysteinn Jónsson** í almennum stjórn málaumræðum á Alþingi 9. maí 1955:

„Mér finnst nú sem nærri því hver maður viðurkenni óstjórn kommúnista á málefnum verkalýðshreyfingarinnar. Ég minnst þess ekki, að ég hafi nokkurn tíma áður orðið var við svo glöggan og almennan skilning á því sem nú, að óstjórn þessi stafi ekki öll af klaufaskap eða fyrirhyggjuleysi, heldur blátt áfram af því, að það er ekki hægt að þjóna tveimur herrum. Hagsmunir verkamanna og kommúnistaflokksins fara ekki saman. Það er ráðningin á gátunni.“

(Alþingistíðindi 1954, B, bls. 1715.)

Nú beitir Eysteinn flokki sínum fyrir stríðsvagni kommúnista í verkalýðshreyfingunni. Hver er ráðningin á þeirri gátu?

Íbúðarlán

Á styrjaldarárunum og fyrst á eftir voru ekki sérstakir erfiðleikar að fá lán til húsbýgginga, þar sem mikið framboð var á lánsfjármagni. En breyting varð hér á um og eftir 1947. Varð þá mikill lánsfjárskortur, er leiddi af sér erfiðleika á því að fá lán til íbúðabýgginga, og Veðdeild Landsbanka Íslands varð að mestu óvirk. Að sjálfsögðu voru þó veitt fasteignalán af ýmsum lánastofnunum og sjóðum. Auk bankanna var þar um að ræða sparisjóði, ýmsa tryggingasjóði og lífeyrissjóði, Byggingarsjóð sveitanna og Byggingarsjóð verkamanna. En lán þessara aðila hrukku skammt til að fullnægja eftirspurninni. Afleiðingin varð sú, að svartur lánamarkaður skapaðist og margir húsbýggjendur urðu tilneyddir til að sæta afarkostum með því að taka okurlán. Var augljóst að stöðva varð þessa óheillaþróun.

Í Morgunblaðinu 11. júní 1953 birtist grein um þessi mál eftir **Jóhann Hafstein**, bankastjóra, þar sem niðurlagsorðin voru þessi:

„Það, sem mest skortir nú á í lánsfjármálunum til íbúðabýgginga, er að samræma lánsfjárgetu þóðarinnar og gæta réttlætis og jafnvægis í byggingarmálunum til sjávar og sveita og milli þegnanna innbyrðis. — Varðandi byggingar í kaupstöðum og kaupsýnum verður að efla almenna lánastofnun til íbúðabýgginga, og er það hægst að endurskapa veðdeild Landsbankans. — Það verður að endurskoða þær reglur, sem gilda um lífeyrissjóði og eftirlaunasjóði, og að rannsökuðu máli að veita því, sem sparast og aflögu er til byggingarlána, í heilbrigðan farveg. — Hér biður mikið verkefni þings og stjórnar.“

Það var mjög í samræmi við skoðanir þær, sem hér koma fram, að ákvæði var sett í málefna-samning þann, sem gerður var, þegar ríkisstjórn **Ólafs Thors** var mynduð í september 1953, þar sem sagði:

„Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabýgginga í kaupstöðum, kaupsýnum og þorpum, lögð áhersla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar.“

Þetta var síðan gert með setningu laga nr. 55/1955. Samkvæmt lögum var sett á stofn almennt veðlánakerfi til íbúðabýgginga undir yfirstjórn Húsnæðismálastórnar og Veðdeildar Landsbanka Íslands. Íbúðarlánin, sem hið almenna veðlánakerfi veitir, eru tvenns konar. Annars vegar eru A-lán, sem eru jafngreiðslulán til 25 ára. Hins vegar eru B-lán til 15 ára með jöfnum afborgunum bundnum vísitölu framfærslukostnaðar.

Hér var á ferðinni mikið framfara- og nauðsynjamál. Ekki vildu þó allir viðurkenna það, þegar frumvarpið var afgreitt í neðri deild sem lög frá Alþingi 10. maí 1955. Greiddu t. d. engir kommúnistar því atkvæði að viðhöfðu nafnakalli.

Einar Olgeirsson, formaður kommúnistaflokksins, sagði um þessi lög í umræðum um húsnæðismálin á Alþingi 31. október 1955:

„Þegar húsnæðislöggjöfin var samþykkt á síðasta þingi, var það stórkostlegt spor aftur á bak frá því, sem verið hafði, og það, sem var verst í því sambandi, var, hve háir vextirnir voru settir, vextir upp í 7% og þar yfir, og með slíkum vöxtum er ekki hægt af nokkru viti að leysa húsnæðisvandamálið á Íslandi, þannig að því fyrr sem stofnun, sem byggir á slíkum vöxtum, er lögð niður, því betra. - - - Löggjöfin er sjálf ill, hún er röng. Vextirnir eru reiknaðir allt of háir, lánstíminn allt of stuttur.“ (Alþingistíðindi 1955, C, bls. 545.)

Hefði verið rétt að fara að ráðum Einars Olgeirssonar og leggja almenna veðlánakerfið niður, áður en það tók til starfa? Því verður bezt svarað með því að rifja upp, hvern árangur þetta lánakerfi hefur borið. En árangurinn sjáum við í lánveitingum þess.

Frá því lánveitingar hófust í nóvember 1955 til ársloka 1962 hefur Veðdeild Landsbankans afgreitt íbúðarlán sem hér greinir:

| | A-lán. | B-lán. | Samtals. |
|---------|----------|----------|----------|
| | Pús. kr. | Pús. kr. | Pús. kr. |
| 1955 | 20.220 | 7.214 | 27.434 |
| 1956 | 44.030 | 19.625 | 63.655 |
| 1957 | 26.647 | 19.023 | 45.670 |
| 1958 | 21.979 | 26.790 | 48.769 |
| 1959 | 19.795 | 14.695 | 34.490 |
| 1960 | 37.763 | 14.408 | 52.171 |
| 1961 | 53.568 | 24.455 | 78.023 |
| 1962 | 70.954 | 15.656 | 86.610 |
| Samtals | 294.956 | 141.866 | 436.822 |

Þessar tölur segja sína sögu.

Þáttur kommúnista:

Hannibal Valdimarsson varð félagsmálaráðherra í vinstri stjórn og æðsti yfirmaður húsnæðismála.

En hann

- 1) lækkaði ekki vexti íbúðalána,
- 2) lengdi ekki lánstíma íbúðalána og þó
- 3) lagði hann ekki veðlánakerfið niður.

Hins vegar sagði hann í umræðum um húsnæðismál á Alþingi 6. desember 1956:

„- - - Hitt er annað mál, að það er auðséð að það verður að ákveða með einhverjum hætti meiri fjármagnsöflun til þess að ráða bót á húsnæðisvandrunum heldur en fyrrverandi stjórn taldi ástæðu til eða sá sér fært að gera - - -“

(Alþingistíðindi 1956, B, bls. 702.)

Úrræði Hannibals urðu samt ekki önnur en þau að fá samþykkt á Alþingi ný lög um húsnæðismál (lög nr. 42/1957) í stað laganna frá 1955. En hin nýju lög voru að meginefni orðrétt endurprentun á eldri lögnum, þó með nokkrum breytingum, sem orkuðu mjög tvímælis.

Þáttur Framsóknar:

Framsóknarmenn hafa tileinkað sér það hlutskipti að mikla hlut Hannibals. Mega þeir ekki svo nefna húsnæðismálin á nafn í seinni tíð, að þeir ekki vegsami Hannibalsúræðin beint eða óbeint. Þannig skrifuðu t. d. sjö þingmenn Framsóknar undir greinargerð með frumvarpi að lögum, er þeir lögðu fram á Alþingi 1961, þar sem segir:

„Sú stefna hefur átt almennu fylgi að fagna hérlandis, að affarasælast væri, að sem flestir einstaklingar byggðu og eign-

uðust eigin íbúðir. Því er fjöldi þeirra einstaklinga, sem búa í eigin húsnæði, tiltölulega miklu meiri hér á landi en algengast er meðal annarra þjóða, þar sem það tíðkast mjög, að einstakir auðmenn og auðfélög eigi og leigi út stórar húsasamstæður, en stór hluti þegnanna er leigutakar. Hið opinbera hefur sýnt nokkra viðleitni til þess að stuðla að þessari þróun mála með því að efla opinbert veðlánakerfi til húsbýgginga. Merkasta sporid á þeirri braut var stigið í tíð vinstri stjórnarinnar svonefndu með setningu laga nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl. Með löggjöf þessari var lagður grundvöllur að frambúðarskipulagi á lánamálum húsbýggjenda - - -“

(Alþingistíðindi 1961, A, bls. 316.)

Ekki sjást þeir fyrir, Framsóknarmenn, í gælum sínum við kommúnista. Ekki sjá þeir sína eigin menn. Steingrímur Steinþórsson var félagsmálaráðherra í ríkisstjórn Ólafs Thors, þegar grundvöllur var lagður árið 1955 með stofnun almenna veðlánakerfisins.

En Framsóknarmönnum er vorkunn. Þeim var það aldrei hugstætt, sem gerðist í húsnæðismálunum 1955. Það var gert fyrir frumkvæði, baráttu og kröfu Sjálfstæðisflokksins.

Aðalatriðið

er þó ekki að koma veðlánakerfinu á fót, heldur hitt að sjá því fyrir fjármagni. Hversu vel tekst fer á hverjum tíma eftir sparifjármynduninni í landinu og ástandi peningamála almennt. Það fer eftir ríkisstjórn og stjórnarstefnu.

Hér fara á eftir tölur, sem sýna

- 1) heildarupphæð íbúðarlána, sem Veðdeild Landsbankans hefur afgreitt á stjórnartíma hinna einstöku ríkisstjórna, síðan veðlánakerfið tók til starfa 2. nóv. 1955 til ársloka 1962,
- 2) meðalupphæð afgreiddra lána á hverjum mánuði:

| | | |
|------------------------|-----------------|----------------|
| Stjórn Ólafs Thors | 69,5 millj. kr. | 8,7 millj. kr. |
| Vinstri stjórnin | 116,0 — | 3,9 — |
| Stjórn Emils Jónssonar | 34,5 — | 2,9 — |
| Stjórn Ólafs Thors | 216,8 — | 6,0 — |

Á 4. þúsund atvinnuleysingjar?

Ríkisstjórnin markaði stefnu sína í efnahagsmálum með frumvarpi til laga um efnahagsmál, sem lagt var fram á Alþingi 3. febrúar 1960.

Samdægurs efndu Framsóknarfélögin í Reykjavík til fundar um frumvarp ríkisstjórnarinnar. **Hermann Jónasson**, þáverandi formaður Framsóknarflokksins, var aðalræðumaður fundarins og sagði meðal annars:

„Stefna núverandi stjórnarflokka er ekkert nýtt fyrirbrigði. Það er í atvinnu- og fjárhagsmálum sama stefnan og olli heimskreppunni á árunum kringum 1930. Það er stefnan, sem afturhaldsstjórn Hoovers boðaði í Bandaríkjunum og þar réð ríkjum þar til Roosevelt braut hana á bak aftur. Sú stefna ræður og að verulegu leyti í Bandaríkjunum nú með þeim afleiðingum, að þar eru á 4. millj. atvinnuleysingja og svarar það til þess, að þeir væru hér á 4. þús. Eigum við að innleiða það ástand hér?“
(Tíminn 5. febrúar 1960.)

Fátt er nú í frásögur fært um atvinnuleysingja þá, sem hér er spáð. En síðan þetta var sagt, hefur Hermann Jónasson látið af formennsku í Framsóknarflokki og ekki vitað, að hann hafi tekið upp önnur störf. Svarar það til á 4. þús. atvinnuleysingja?

Efling almannatrygginga

Í sambandi við viðreisnarráðstafanirnar 1960 var breytt lögum nr. 24/1956 um almannatryggingar. Þetta var gert til að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á lífskjörin. Reiknað var með, að gengisbreytingin myndi valda hækkun á verðlagi í landinu sem svaraði 13% hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar. Breytingin á almannatryggingalögum fól í sér stóruaukunar fjölskyldubætur, elli- og örorkulífeyrir og aðrar svipaðar greiðslur almannatrygginga. Gert var ráð fyrir að með þessu móti (og með því að greiða niður verð nokkurra þýðingarmikilla neytluvörutegunda) yrði dregið svo úr þeirri hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, sem gengisbreytingin að öðrum kosti hefði í för með sér, að hækkunin næmi fyrir svokallaða vísitölu fjölskyldu tæplega 3% í stað um það bil 13% ella.

Auk hækkana, sem voru í beinu sambandi við viðreisnarráðstafanirnar, var elli-, örorku- og barnalífeyrir hækkaður um 20%. Þannig voru kjör þeirra, sem þessara bóta njóta, bætt verulega frá því sem var fyrir gengisbreytinguna.

Breytingin á lögum um almannatryggingar var í aðalatriðum fölgin í þessu (lög nr. 13/1960):

1. Ákveðið, að fjölskyldubætur verði greiddar með hverju barni á 1. og 2. verðlagssvæði kr. 2.600.00 á ári. Áður voru ekki greiddar fjölskyldubætur með fyrstu tveim börnunum í fjölskyldu og aðeins hálfar fjölskyldubætur með þriðja barni, en fullar með fjórða barni og fleirum í hverri fjölskyldu. Áður voru fullar bætur á barn á 1. verðlagssvæði kr. 2.331.00, en á 2. verðlagssvæði kr. 1.748.25.

2. Elli- og örorkulífeyrir til hjóna á 1. verðlagssvæði hækkaði um 62,8% eða úr kr. 15.927.26 á ári í kr. 25.920.00 árlega, og einstaklingslífeyrir var hækkaður um 44% á 1. verðlagssvæði eða úr kr. 9.954.54 á ári í kr. 14.400.00. Samsvarandi hækkun varð á 2. verðlagssvæði.

3. Mæðralaun, sem greidd eru ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, skulu greidd móður með einu barni yngra en 16 ára, og full mæðralaun skulu greidd móður með þrem börnum eða fleirum. Áður voru mæðralaun ekki greidd móður með einu barni, en fyrst þegar einstæð móðir átti 2 börn, og full mæðralaun voru ekki greidd, fyrr en börnin voru fjögur eða fleiri. Hér var um mikla bótaaukningu að ræða frá því, sem áður var. Þannig voru t. d. mæðralaun til móður með fjögur börn kr. 9.954.54 á 1. verðlagssvæði, en urðu kr. 14.400.00 til móður með þrjú börn eða fleiri. Tilsvarandi hækkun varð á mæðralaunum á 2. verðlagssvæði.

4. Barnalífeyrir var hækkaður um ca. 43% eða úr kr. 5.104.89 í kr. 7.200.00 á 1. verðlagssvæði og samsvarandi á 2. verðlagssvæði.

5. Fæðingastyrkur hækkaði um ca. 25% úr kr. 1.748.25 í kr. 2.160.00, eins á báðum verðlagssvæðum.

6. Þá hækkuðu ekkjubætur við dauðsfall maka og slysabætur verulega. Raunar var um að ræða stórlega hækkun í sumum greinum, svo sem dánarbótum til ekkju eða ekkils, sem ákveðnar voru eins fyrir alla eða kr. 90.000.00. Áður voru almennar dánarbætur kr. 19.148.34, nema fyrir lögskráða sjómenn, en dánarbætur vegna þeirra voru kr. 87.130.84.

Síðan framangreind ákvæði voru sett, hafa enn verið gerðar veigamiklar breytingar á almannatryggingunum og eru þær helztar, sem sér segir:

1. Til hagsbóta þeim mikla fjölda gamals fólks, sem heldur áfram fullu starfi eftir 67 ára aldur, var að fullu afnumið ákvæði tryggingarlaga um skerðingu ellilífeyris vegna annarra tekna lífeyrisþega. Jafnframt voru afnumin hliðstæð skerðingarákvæði vegna örorkulífeyris. (Lög nr. 86/1960.)

2. Allar bætur trygginganna í peningagreiðslum hækkuðu til samræmis við almennar launahækkanir um 13,8% frá 1. júlí 1961, og eins og bæturnar voru þá orðnar, hækkuðu þær enn um 4% frá 1. júní 1962. (Lög nr. 95/1961.)

3. Frá 1. júní 1962 hækkaði svo elli- og örorkulífeyrir sérstaklega um 7%. (Lög nr. 89/1962.)

4. Frá 1. janúar 1963 var felld úr gildi skipting landsins í 1. og 2. verðlagssvæði og allar bætur almannatrygginganna eru frá sama tíma hinar sömu hvarvetna á landinu eins og þær voru á 1. verðlagssvæði. Með þessari ráðstöfun hækka bætur trygginganna, sem voru lægri á öðru verðlagssvæði, um þriðjung. En 2. verðlagssvæði náði yfir allt landið utan kaupstaða með 2000 íbúum eða fleiri. (Lög nr. 89/1962.)

Á stjórnartíma núverandi ríkisstjórnar hafa allar bætur trygginganna hækkað stórlega samkvæmt framansögðu. Mesta almenna þýð-

ingu hefur hækkuð ellilífeyris og fjölskyldubóta. Hér fer á eftir tafla, er sýnir bótaupphæð ellilífeyris og fjölskyldubóta í árslok 1959, febrúar 1963 og hlutfallslega hækkuð á tímabilinu.

| | Árslok 1959 | Febr. 1963 | Hækkuð |
|--------------------------------------|-------------|------------|--------|
| <i>Ellilífeyrir hjóna:</i> | kr. | kr. | % |
| I. verðlagssvæði | 15.927 | 32.824 | 106 |
| II. — | 11.945 | 32.824 | 175 |
| <i>Ellilífeyrir einstaklings:</i> | | | |
| I. verðlagssvæði | 9.955 | 18.236 | 83 |
| II. — | 7.466 | 18.236 | 144 |
| <i>Fjölskyldubætur með 2 börnum:</i> | | | |
| I. verðlagssvæði | 0 | 6.154 | — |
| II. — | 0 | 6.154 | — |
| <i>Fjölskyldubætur með 4 börnum:</i> | | | |
| I. verðlagssvæði | 3.497 | 12.309 | 252 |
| II. — | 2.622 | 12.309 | 369 |

Til samanburðar:
Almennt tímakaup Dagsbrúnar var
í árslok 1959 kr. 20.67
í febrúar 1963 kr. 26.04

og hefur hækkað á tímabilinu um 26%.
Útgjöld almannatrygginganna til lífeyrstrygginga (bóta vegna elli, örorku og dauða, fjölskyldubóta o. fl.) hafa verið 1959—1962, sem hér segir:

| | |
|------|------------------|
| 1959 | 178,4 millj. kr. |
| 1960 | 324,9 — — |
| 1961 | 431,8 — — |
| 1962 | 500,6 — — |

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa þessi útgjöld hækkað um 180,6% miðað við árslok 1962. Þessi útgjöld eru áætluð fyrir árið 1963 561,4 millj. kr.

Með aðgerðum núverandi ríkisstjórnar hafa almannatryggingar verið efldar meira en nokkru sinni fyrr. Einnig vinnur nú stjórnskipuð nefnd að endurskoðun laga um almannatryggingar.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem stærstu framfaraspor tryggingarmála eru mörkuð undir stjórnarforustu Sjálfstæðisflokksins.

Gildandi lög um almannatryggingar voru sett í tíð ríkisstjórnar Ólafs Thors árið 1956.

Fyrstu lögin um almannatryggingar í núverandi mynd voru sett í tíð ríkisstjórnar Ólafs Thors árið 1946.

Tekjustofnar sveitarfélaga

Þegar stofnþing Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldið árið 1945, var skorað á ríkisstjórnina, að láta fara fram sem fyrst gagngerða endurskoðun á löggjöf þeirri, sem fjallaði um tekjustofna sveitarfélaga. Á hverju landsþingi og fulltrúaráðsfundum, sem þessi samtök hafa síðan haldið, hefur þessi krafa verið endurnýjuð í einhverri mynd, án þess að árangur hafi borið, þar til núverandi ríkisstjórn tók málið upp.

Þeim mönnum, sem fengizt hafa við sveitarstjórnarmál, hefur þannig lengi verið ljóst, að endurbætur þyrfti að gera á löggjöfinni um tekjustofna sveitarfélaga. Til þess liggja ýmsar ástæður.

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, gerði á Alþingi 15. marz 1962 grein fyrir frumvarpi að lögum um tekjustofna sveitarfélaga og mælti:

„Í fyrsta lagi er óheppilegt og í rauninni óviðunandi að sveitarfélögin hafi svo að segja eingöngu einn tekjustofn til að byggja á, útsvörin. Útsvörin munu vera meira en 90% af öllum tekjum þeirra. Hefur það leitt til þess m. a., að útsvörin hafa í mörgum sveitarfélögum orðið heldur hærrí en æskilegt væri og sveitarstjórnir hefðu sjálfar óskað. Ennfremur er það ljóst, að fyrir sveitarfélögin er það óheppilegt að þurfa að byggja á þessum tekustofni einum, ef erfiðleikar steðja að í atvinnu- og efnahagsmálum, atvinna dregst saman, verðfall verður á afurðum landsmanna eða önnur óhöpp steðja að. Þá þrengist fyrir hjá sveitarfélögunum um álagningu og innheimtu útsvaranna á sama tíma, sem mest er þörfin fyrir sveitarfélögin að auka framkvæmdir sínar og vega þannig á móti því, sem atvinna hefur dregizt saman. - - - Í sambandi við þessa endurskoðun, sem hér um ræðir, þarf þó ætíð að hafa í huga það sjálfsforræði sveitarfélaganna, sem er einn af hyrningarsteinum hins íslenska lýðveldis og lýðræðis og hefur verið einn af hornsteinum þjóðskipulags okkar frá öndverðu.“

(Visir 16. marz 1962.)

Frumvarp þetta var samþykkt sem lög nr. 69/1962. Stjórnskipuð nefnd hafði undirbúið lagasetningu þessa frá því í desember 1959. Sum nýmæli varðandi tekjustofna sveitarfélaga höfðu þegar verið lögfest árið 1960 (lög nr. 19/1960 og lög nr. 43/1960). En þessi lög voru nú felld inn í heildarlöggjöfina, sem þannig veitir sveitarfélögunum nýja tekjustofna, sem hér segir:

1. Fasteignaskattur er nú fastákveðinn. Skatturinn er miðaður við fasteignamatsverð. Áður höfðu sveitarstjórnir aðeins heimild til að

leggja slíkan skatt á, en nú er það skylda. Áætlað er að fasteignaskattur þessi muni gefa fast að 30 millj. króna í tekjur á ári.

2. Sveitarstjórnur er heimilað að innheimta í sveitarsjóð gjald hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu. Hefur því gjaldi verið gefið nafnið aðstöðugjald. Þetta gjald er lagt á með tilliti til þess, að afnot þeirra, sem atvinnurekstur stunda, er miklu meiri af ýmsum framkvæmdum, er sveitarfélögin kosta til, en gerist hjá fólki almennt. Þessi skattur kom í staðinn fyrir veltuútsvarið, sem jafnframt var afnumið.

3. Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{5}$ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10/1960 um söluskatt, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári. Þessari fjárhæð er skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan.

4. Svokölluð landsútsvör eru lögð á tiltekin fyrirtæki, sem skipta við landsmenn alla, en ekki eingöngu við íbúa þess sveitarfélags, þar sem starfsemin hefur aðalbækistöðina. Hér er um að ræða ríkisfyrirtæki og olíufélög. Fjórðungur landsútsvara gengur til þeirra sveitarfélaga, þar sem starfsemi hinnar gjaldskyldu stofnunar fer fram. Afgangurinn rennur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem skiptir fénu milli sveitarfélaganna eftir sömu reglum og hluta sjóðsins í söluskattinum.

Auk þess sem sveitarfélögin fengu framangreinda nýja tekjustofna, voru með lögum þessum gerðar margvíslegar breytingar á reglum um útsvarsálagningu. Var komið á heildarsamræmingu og margs konar endurbótum varðandi þann tekjustofninn, sem fyrir var.

Aðgerðir þessar marka djúp spor í sögu sveitarstjórnarmála. Þörfin var ótvíræð. Ríkisvaldið hafði stöðugt í auknum mæli lagt byrðar á sveitarfélögin án þess jafnframt að sjá þeim fyrir nýjum tekjustofnum. Þetta ástand ógnaði fjárhagslegum grundvelli sveitarfélaganna og þar með sjálfsforræði þeirra. Mikið nauðsynjaverk hefur því verið unnið. Þeir vita það bezt, sem gleggst til þekkinga.

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga segir um málið:

„Sambandið (Samband ísl. sveitarfélaga) hefur sérstaka ástæðu til að þakka núverandi ríkisstjórn, og þó sérstaklega Gunnari Thoroddsen, fjármálaráðherra, fyrir að hafa beitt sér fyrir lausn þessara mála, sem svo miklu skipta sveitarfélögin, en alla fyrirrennara hans hefur annaðhvort brostið skilning á eða kjark til að taka upp til farsællar og réttlátrar úrlausnar.“

(Jónas Guðmundsson, Sveitarstjórnarmál
20. árg. 1960, 1.—2. hefti, bls. 5.)

„Ég ákæri“

Það hefur verið markmið núverandi ríkisstjórnar að koma í veg fyrir kapphlaup verðlags og kaupgjalds og halda þannig á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu. En verðbólgameinið hefur þjád efnahagsstarfsemi þjóðarinnar síðustu áratugin.

Hverjar eru rætur verðbólgameinsins? Þær hafa verið þær sömu á þessu tímabili.

Eysteinn Jónsson, þáverandi fjármálaráðherra, sagði í eldhúsdagsumræðum á Alþingi 26. febrúar 1951 á þessa leið:

„Rætur meinsins eru þær, að sífellt er í umferð meðal landsmanna meira peningamagn en hægt er að mæta með þeim vörum, sem þjóðin getur keypt fyrir framleiðslu sína og fyrir það fé, sem hún hefur fengið af gjafaframlögum á undanförunum árum. Það eru í raun réttir sífellt gefnar út ávísanir á meiri verðmæti en fyrir hendi eru til skiptanna, gefnar út falskar ávísanir, sem enga raunverulega kaupgetu skapa, sem engum verður gagn að, en viðheldur dýrtið og verðbólgu, vöruskorti, svörtum markaði og hvers konar misrétti, háum framleiðslukostnaði og framleiðslustöðvunum vegna misheppnaðra tilrauna til þess að flýja undan hækkunum framfærslukostnaði. Þessar fölsku ávísanir, falska kaupgeta, verður því ekki neinum að gagni né til kjarabóta, en hún verður til þess að draga úr framleiðslunni og rýra líf skjör almennings.“

(Alþingistíðindi 1950, B, bls. 1445—1446.)

Hér er talað af þekkingu byggðri á reynslu. Hér var verið að hvetja til stuðnings við viðreisnarráðstafanirnar, sem fylgdu í kjölfar gengislækkunarinnar árið 1950.

Og rætur meinsins voru þær sömu, þegar gengislækkun þurfti að gera árið 1960 eftir vinstri stjórnarævintýrið. En um viðreisnarráðstafanirnar nú segir sami **Eysteinn** í eldhúsdagsumræðum á Alþingi 12. apríl 1962:

„Viðreisnin er fólgin í því að magna dýrtiðina innanlands sem mest og halda jafnframt niðri kaupgjaldi og afurðaverði. Draga um leið úr útlánum og gera með margvíslegum hætti sem örðugast fyrir með fjármagn í nýjar framkvæmdir. Minnka með þessu neyzlu og fáfestingunni og leggja grunn að nýju þjóðfélagi, með því að draga á allan hátt úr stuðningi við fjárfestingu þeirra, sem ekki hafa fullar hendur fjár, en þeir taki við, sem mestu fá að ráða. Byrjað var með stórfelldri gengislækkun, frýstingu sparifjár og öðrum þeim ráðstöfunum, sem menn kannast við - - - þeir, sem fyrir þessu ráða, eru eitthvað undarlega slitnir úr tengslum við starfslíf þjóðarinnar. Þeir virðast

ekki hafa hugmynd um, hverju athafnasamt myndarfólk getur komið til leiðar, ef því er trúað fyrir peningum.“

(Tíminn — aukablað — maí 1962.)

Hér er orðin breyting á.

Árið 1951 er bölvaldurinn of mikið peningamagn í umferð.

Árið 1962 er það of lítið peningamagn, sem bölinu veldur.

Hvað hefur breytt?

Rætur verðbólgu-meinsins hafa vissulega ekki breytt.

Eysteinn hefur vissulega ekki minni þekkingu nú en áður.

En Eysteinn talaði 1951 eftir beztu vitund, en 1962 gegn betri vitund.

Þetta er svo alvarleg yfirsjón, að bezt fer á að Eysteinn sjálfur tjái sig um slíkt framferði.

Eysteinn segir:

„Ég ákæri stjórnarandstæðinga fyrir að hafa fallið fyrir freistingu þeirri, sem háskalegust er, að vera ábyrgðarlausir á háskastund og vinna það fyrir von í fylgi þeirra skammsýnustu að vinna skemmdarverk á þeim framkvæmdum, sem þeir sjálfir vita að voru óumflýjanleg nauðsyn. Þetta er þung ákæra, en hún er sönn. Nú er það þjóðarinnar að hafa vit fyrir þessum mönnum. Láti hún ginnast, munu bíða enn stórfelldari vandkvæði en enn þá hafa orðið, — en sýni menn þann þroska og skilning að snúa baki við þessum mönnum og fylkja sér til stuðnings nauðsynlegum viðreisnarstörfum. Þótt íþyngja kunni í bili, þá mun þjóðinni takast að komast hjá því allra versta og tiltölulega léttilega vinna bug á öllum erfiðleikum.“

(Úr umræðum á Alþingi 11. maí 1950.

Alþingistíðindi 1949, B, bls. 915.)

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Fjárlög og verklegar framkvæmdir

Eitt af því allra þýðingarmesta í framkvæmd viðreisnarstefnu ríkisstjórnarinnar er fjármálastjórn ríkisins. Hún hefur mótazt aðallega af eftirfarandi:

- 1) Hallalaus fjárlög hafa verið lögð fyrir þing og afgreidd fyrir öll fjárhagsárin 1960, 1961, 1962 og 1963.
- 2) Hallalaus ríkisbúskapur hefur verið í reynd öll árin 1960, 1961 og 1962.
- 3) Tekjuöflunarkerfi ríkisins var breytt snemma árs 1960 með lögfestingu söluskatts og lækku tekjuskatts.
- 4) Síðan 1960 hafa verið afgreidd fjárlög á Alþingi án þess að hækka nokkra skatta, tolla eða aðrar álögur.
- 5) Gagngerð breyting hefur verið gerð á skattalögum með stórfelldum skattalækkunum fyrir allan almenning og skapað heilbriggt skattakerfi fyrir atvinnureksturinn ásamt gjörbreytingu á framkvæmdakerfi skattalaganna.
- 6) Tollar voru lækkaðir verulega 1961 á ýmsum hátollavörum.
- 7) Allt tollakerfið hefur verið endurskoðað og frumvarp að nýrri tollskrá verið lagt fyrir Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir stórfelldri tollalækkun og endurbótum á tollskránni.
- 8) Unnið hefur verið að hagræðingu á fjölmörgum sviðum ríkisstarfseminnar, til þess að lagfæra skipulag og vinnubrögð, spara ríkisfé og bæta þjónustu.
- 9) Stofnaður hefur verið ríkisábyrgðarsjóður í þeim tilgangi, að losna úr því öngþveiti og þeirri óreiðu, sem fyrirhyggjulitlar ríkisábyrgðir höfðu leitt út í.

Hér er aðeins stiklað á hinu stærsta. Róttækar breytingar hafa orðið á stjórn þessara mála í heild. Stjórn ríkisfjármálanna hefur tekið gagngerðum umskiptum frá því sem áður var. Þáttaskil hafa orðið.

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, sagði í fjárlagaræðu sinni 17. október 1961:

„Fjárhag ríkisins verður aldrei bjargað með nánasarskap og nírfilshætti, þar sem talinn er eftir hver eyrir og reynt að skera við nögl öll framlög til framkvæmda, menningarmála, lista og félagsmála. Um leið og aðhald og aðgætni er sýnd, verð-

ur að hafa fullan skilning og viðsýni til að bera, til að skilja kröfur tímans og hvernig best megi þoka áfram menningar- og framfaramálum þjóðarinnar. Fjárhag ríkisins verður ekki borgið með því að skera niður nokkurra króna laun til listamanns eða styrk til námsmanns með því að klípa af lífeyri ekkjunnar og styrknum til öryrkjans. Það, sem hér skiptir máli, er það að sýna gætni og aðhald og reyna að skipuleggja öll vinnubrögð með þeim hætti, að mannsorkan og vélaaflið nýtist sem best. . . . Í öllu okkar fjármálastarfi virðist mér, að við eigum að hafa tvennt í huga: viðsýni og hagsýni.“

(Vísir 18. október 1961.)

Stjórnarandstæðingar hafa ekki farið miklum viðurkenningarorðum um þær breytingar, sem orðið hafa á fjármálastjórn ríkisins. Hins vegar hefur heldur ekki farið mikið fyrir gagnrýni þeirra. Það er erfitt að gagnrýna, að

- 1) rekinn sé hallalaus ríkisbúskapur,
- 2) endurbætt sé tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs,
- 3) skattar og tollar séu lækkaðir og
- 4) sparnaði og hagsýni sé komið að í ríkisrekstrinum.

Árásir á aðgerðir sem þessar eru ekki vænlegar til vinsælda. Þetta hefur stjórnarandstaðan skilið. Þeir hafa því fyrst og fremst beitt gagnrýni sinni að framlögum ríkisins til verklegra framkvæmda.

Í forystugrein í Tímanum 12. október 1962 segir svo um frumvarp til fjárlaga fyrir 1963:

„Ekkert lát verður á samdrættinum í verklegum framkvæmdum ríkisins. Þær eiga enn að minnka. Margir helztu framkvæmdaliðir eru óbreyttir að krónutölu þrátt fyrir stórhækkaðan framkvæmdakostnað. Má í því sambandi nefna óbreytt framlög til vega og brúa og er slíkt einna hatrammlegast.“

Eysteinn Jónsson sagði í fjárlagaumræðunum á þessa leið:

„Margur spyr, hvort þessar gífurlegu nýju álögur fari ekki til að stórauka verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins og að auka framlög til stuðnings uppbyggingu atvinnuveganna. En það er nú öðru nær. Ári frá ári fer nú hlutfallslega minna af ríkistekjunum til verklegra framkvæmda og í mörgum dæmum hafa framlög til verklegra framkvæmda, sem mestu skipta, stórlækkað miðað við notagildi fjárlagsins, en það eitt skiptir hér máli.“

(Tíminn 25. október 1962.)

Lúðvík Jósefsson sagði í sömu umræðum á þessa leið:

„Það fjárlagafrumvarp, sem hér liggur fyrir, segir út af fyrir sig ekki mikið. Tölur þess boða að vísu hækkandi skatta og tolla og minnkandi verklegar framkvæmdir . . .“

(Þjóðviljinn 24. október 1962.)

Hér hafa aðeins verið sýnd dæmi af fullyrðingum stjórnarandstæðinga um þetta efni. Aðalþráðurinn í fullyrðingum þeirra hefur verið, að í tíð núverandi stjórnar hafi verið varið minna fjármagnni á fjárlögum til verklegra framkvæmda heldur en í tíð vinstri stjórnarinnar, bæði

- 1) að notagildi og
- 2) í hlutfalli við fjárlagaupphæð.

En hvað er rétt í þessum fullyrðingum? Látum tölurnar tala.

Hér fer á eftir tafla yfir fjárveitingar til helztu verklegra framkvæmda í fjárlögum 1958 og 1963. Hér er eingöngu um nýframkvæmdir að ræða, en viðhald er ekki meðtalið.

Fjárveitingar á fjárlögum til helztu nýframkvæmda.

| | Millj. kr. | | | |
|------------|-----------------|-----------------|------------------------------------|---|
| | 1958 Fjárlög | Fjárlög 1963 | Fjárlög 1963 á verðlagi 1958 | Hækkun 1963 frá 1958 á föstu verðlagi |
| Vegir | 24.880 | 42.300 | 27.503 | 10,5% |
| Brýr | 16.308 | 26.205 | 17.038 | 4,5% |
| Hafnir | 13.775 | 31.500 | 20.482 | 48,7% |
| Flugvellir | 6.653 | 13.212 | 8.590 | 29,1% |
| Skólar | 19.828 | 66.823 | 43.448 | 119,1% |
| Sjúkrahús | 8.490 | 16.730 | 10.878 | 28,1% |
| Samtals | 89.934 | 196.770 | 127.939 | 42,3% |

Af framangreindri töflu sést, hve gífurleg töluleg hækkun hefur verið á öllum þessum helztu nýframkvæmdum, frá því sem var 1958. En með því að það er ekki réttur mælikvarði á notagildi fjármagnsins, þá greinir í töflunni frá fjárveitingum í fjárlögum 1963, umreiknuðum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar til verðlags í ársbyrjun 1958. Með slíku fæst raunhæfur samanburður á milli ára og kemur þá í ljós, að allir þeir liðir nýframkvæmda, sem tilgreindir eru á töflunni, hafa hækkað að notagildi frá því, sem var á fjárlögum 1958. Og þessi hækkun er veruleg. Hún er að meðaltali 42,3% og einstakir liðir hækka um allt að 119,1%.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir hamra stjórnarandstæðingar á því, að nú sé hlutfallslega varið minna í fjárlögum til verklegra framkvæmda en áður var. Þessi fullyrðing er heldur ekki á rökum reist.

Hlutfall ákveðinna fjárveitinga miðað við heildarupphæð fjárlaga er ekki sambærilegt fyrir og eftir viðreisnarráðstafanirnar, nema tekið sé tillit til þeirra breytinga á skattakerfinu, er voru þeim samfara. Með þeim breytingum var byggt til muna meira á óbeinum sköttum en áður var. En af því leiddi, að í sambandi við beina sköttun varð ekki komið við fullnægjandi persónufrádrætti, sem þess vegna var veittur í formi fjölskyldubóta. Þannig hækkaði fjárlagaupphæðin

mun meira, — eða sem aukningu fjölskyldubótanna nam, — heldur en sú sköttun, er ríkið fékk í rauninni til venjulegrar ráðstöfunar.

Réttastur samanburður á hlut nýframkvæmda í heildarupphæð fjárlaga fæst með því að færa fjárlagaupphæðirnar 1958 og 1963 niður um þá upphæð, sem veitt er til almannatrygginga. Enn fremur þarf fyrir árið 1958 að bæta við fjárlagaupphæðina niðurgreiðslum úr útflutningssjóði á innlendum neytluvörum og uppbótum á útfluttar landbúnaðarvörur, en hliðstæðar niðurgreiðslur 1963 eru innifaldar í fjárlögum.

| | <i>Fjárlög 1958</i> | <i>Fjárlög 1963</i> |
|---|---------------------|---------------------|
| | <i>millj. kr.</i> | <i>millj. kr.</i> |
| Heildarupphæð fjárlaga | 804,7 | 2195,0 |
| Niðurgreiðslur útflutningssjóðs | 173,6 | — |
| | <hr/> | <hr/> |
| | 978,3 | 2195,0 |
| Fjárveitingar til almannatrygginga | 85,3 | 434,1 |
| | <hr/> | <hr/> |
| Aðrar fjárveitingar alls | 893,0 | 1760,9 |
| Helztu nýframkvæmdir | 89,9 | 196,8 |
| Hlutfall nýframkvæmda | 10,1% | 11,2% |

Á þessum samanburði sést, að framlög til nýframkvæmda eru hlutfallslega svipuð nú og síðasta ár vinstri stjórnarinnar miðað við samþæfilegar fjárlagaupphæðir. Þó eru nýframkvæmdir nú heldur meiri en áður eða 11,2% árið 1963 á móti 10,1% árið 1958.

Aðalatriðið í ádeilum stjórnarandstöðunnar á fjármálastjórn ríkisins hefur samkvæmt framansögðu ekki stoð í raunveruleikanum. Framlög ríkisins til verklegra framkvæmda eru ekki minni nú en áður var, heldur þvert á móti. Þau eru hærri, bæði

- 1) að notagildi og
- 2) hlutfallslega.

Þetta er um hina þyngstu ádeilu stjórnarandstöðunnar. Hvað um þær minniháttar?

Stofnlán til bænda

Þegar Stofnlánadeild landbúnaðarins var sett á fót 1962 með sameiningu Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja, snérist Framsóknarmenn mjög öndverðir gegn þeirri ráðstöfun. Töldu þeir, að bændur myndu framvegis hafa minni stuðning af þessum sjóðum en fram til þess hafði verið. Sjálfstæðismenn héldu hins vegar fram, að með hinum nýja sjóði væri betur tryggður grundvöllur fyrir lán-

veitingum til bænda en nokkru sinni fyrr. Þeir spáðu því, að reynslan myndi sanna, að með þessari ráðstöfun hefði verið stigið eitt gagnmerkasta sporið í framtíðaruppbyggingu landbúnaðarins.

Hin nýja Stofnlánadeild tók til starfa 1. maí 1962, svo að harla lítill reynslutími er enn fenginn. Þó verður að segja, að vel hafi verið af stað farið, því að árið 1962 voru veitt lán til bænda úr Stofnlánadeildinni samtals 70,4 millj. króna. Er þetta miklu hærri upphæð en nokkru sinni áður hefur verið lánuð á einu ári samanlagt úr Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði. Þó þessi sjö mánaða starfsemi sjóðsins vel samanburð við það, sem áður hefur skeð í útlánum til bænda. Þetta er bezt ljóst, þegar við höfum í huga, að frá árinu 1925—1961 hefur samtals verið veitt lán bæði úr Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði 504,8 millj. króna.

Hér fer á eftir tafla yfir stofnlán, sem veitt hafa verið bændum úr þessum sjóðum.

| Ár | <i>Ræktunarsjóður</i> | <i>Byggingarsjóður</i> | <i>Samtals</i> |
|-----------------|-----------------------|------------------------|-------------------|
| | <i>Millj. kr.</i> | <i>Millj. kr.</i> | <i>Millj. kr.</i> |
| 1925—1930 | 4,4 | 1,1 | 5,5 |
| 1931—1940 | 3,1 | 2,5 | 5,6 |
| 1941—1950 | 18,7 | 24,7 | 43,4 |
| 1951 | 10,4 | 8,7 | 19,1 |
| 1952 | 17,2 | 9,9 | 27,1 |
| 1953 | 14,5 | 9,0 | 23,5 |
| 1954 | 22,7 | 10,4 | 33,1 |
| 1955 | 34,1 | 9,8 | 43,9 |
| 1956 | 34,5 | 10,5 | 45,0 |
| 1957 | 41,6 | 9,9 | 51,5 |
| 1958 | 42,8 | 9,3 | 52,1 |
| 1959 | 37,6 | 5,0 | 42,6 |
| 1960 | 49,6 | 13,3 | 62,9 |
| 1961 | 41,2 | 8,3 | 49,5 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 372,4 | 132,4 | 504,8 |
| 1962 | | | 70,4 |
| | | | <hr/> |
| | | | 575,2 |

Enginn þarf að efast um, að lánasjóðir landbúnaðarins hafa haft hina mestu þýðingu fyrir uppbyggingu og framfarir landbúnaðarins fram til 1961. En höfum við ástæður til að ætla, að breyting verði á þessu til hins verra með sameiningu hinna gömlu sjóða í Stofnlánadeildina 1962?

Magnús Jónsson, bankastjóri, sagði í blaðagrein í Morgunblaðinu þegar 20. júní 1962:

„Ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að með lögunum um Stofnlánadeild landbúnaðarins sé traustur hornsteinn lagður að

þeirri bændahöll, sem bezt gagnar íslenskum bændum, allsherjar uppbyggingu og framleiðsluaukningu í sveitum landsins, til aukinnar hagsældar því fólki, sem þar býr.“

Stofnlánadeild sjávarútvegsins

Eitt af þeim verkefnum, sem blöstu við, þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, var að koma fjárhag útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja í viðunandi horf, svo að þau gætu haldið áfram eðlilegum rekstri. Skortur á rekstrarfé var aðalvandamálið í þessu efni. Til þess lágu fyrst og fremst þær orsakir, að

- 1) verðbólgan hafði étið upp lausafé fyrirtækjanna og gert þau sífellt háðari bankalánnum til að halda rekstrinum gangandi og
- 2) mikla fjárfestingu hafði verið um að ræða, sem hvorki var hægt að greiða af fjármagnsmyndun fyrirtækjanna sjálfra, né fá eðlileg löng lán til.

Afleiðingin varð sú, að rekstrarfé fyrirtækjanna varð bundið í slíkum framkvæmdum, en í staðinn söfnuðu þau miklum lausaskuldum, sem íþyngdu rekstrinum stórkostlega.

Til þess að stuðla að lausn þessa vandamáls, gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög í janúar 1961, um nýja lánaflokka við Stofnlánadeild sjávarútvegsins í þeim tilgangi að breyta allmiklu af skuldum sjávarútvegsins til skamms tíma í löng lán.

Með lögum þessum (nr. 48/1961) og reglugerð var ákveðið, að

- 1) Stofnlánadeildinni skyldi heimilað að afla fjár til þessara lána-veitinga með því að stofna til skuldar við Seðlabankann, en jafnframt skyldu viðskiptabankarnir bæta stöðu sína við Seðlabankann, sem næmi hinum nýju stofnlánnum,
- 2) hin nýju lán Stofnlánadeildarinnar skyldu veitt gegn veði í framleiðslutækjum allt að 70% af matsverði, er miðaðist við endurkaupsverð eignanna, að frádregnum eðlilegum afskriftum, miðað við rýrnum þeirra frá því að þær urðu til,
- 3) hámarkstími lánanna skyldi vera 10—20 ár eftir því, hvort um væri að ræða veði í vélum, skipum eða fasteignum,
- 4) lánin skyldu veitt fyrir milligöngu og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka lánbeiðenda, sem jafnframt hefðu ihlutunarrétt um ráðstöfun lánsins og
- 5) vaxtakjör skyldu ákveðin af stjórn Stofnlánadeildarinnar í samráði við ríkisstjórnina. (En vextir voru ákveðnir 6½%.)

Þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar hefur orðið til mikils gagns fyrir sjávarútveginn. Mikill fjöldi fyrirtækja hefur getað breytt lausaskuldum sínum, sem var þeim fjötur um fót, í löng lán. Hið nýja lánsfé hefur verið greitt inn á reikning viðskiptabanka lántakanda, og bankinn hefur getað ákveðið, að það yrði notað til greiðslu ákveð-

inna skulda við hann eða annarra skulda til skamms tíma eftir ákvörðun hans.

Í febrúar sl. höfðu 227 útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum verið veitt hin nýju lán Stofnlánadeildarinnar, að upphæð samtals 354 millj. króna.

Viðbrögð stjórnarandstöðunnar við aðgerðum þessum hafa verið lærdómsrík um vinnuaðferðir Framsóknar og kommúnista.

Stjórnarandstaðan hefur haldið fram, að

- 1) útgerðarfyrirtækin og vinnslufyrirtækin hafi komið á vonarvöl vegna gengisbreytingarinnar og efnahagsmálástefnunnar, sem mörkuð var 1960, og
- 2) hin nýju lán Stofnlánadeildarinnar hafi verið kreppuráðstafanir, til að mæta afleiðingum stjórnarstefnunnar.

En þagað er þunnu hljóði um, að

- 1) vandamálið hafði skapast í skjóli hafta- og uppbótakerfisins, sem afnumið var 1960, og
- 2) hin löngu lán, sem veitt hafa verið, hafa fyrst og fremst gengið til greiðslu á lánnum til skamms tíma, sem stofnað hafði verið til fyrir 1960.

Tíu ára rafvæðingarætlunin

Hugmyndin um heildarrafvæðingu landsins kom fyrst fram með frumvarpi þeirra **Jóns Þorlákssonar** og **Jóns Sigurðssonar** á Reyni-stað um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, sem lagt var fram á Alþingi 1929. Höfuðtalsmaður Framsóknarflokksins í málinu, er það kom til umræðu, sagði:

„Hér er því í raun og veru ekki um annað en þjóðnýtingu að ræða, og hún það viðtæk, að stærri þjóðnýtingartillaga hefur aldrei verið borin fram af sjálfum sósíalistum . . .“

(Alþingistíðindi 1929, C, bls. 563.)

Sami talsmaður Framsóknarflokksins sagði:

„Það á að styðja sjálfsbjargarviðleitnina og raflýsa sveitirnar fyrst og fremst úr þúsundum bæjarlækja og leggja áherzlu á að efla sjálfsbjargarviðleitni í rafmagnsmálum.“

(Alþingistíðindi 1929, C, bls. 605.)

Jón Þorláksson sagði í umræðunum:

„Hér er um það að ræða að koma á umbótum í landinu, sem í okkar augum að minnsta kosti verða að teljast hliðstæðar því, sem vita-, síma- og vegalöggjöf eru hver á sínu sviði.“

(Alþingistíðindi 1929, C, bls. 490.)

Aldarfjórðungi síðar var hugmyndin um heildarrafvæðingu strjálbýlisins tekin fyrst upp á markvissan og skipulagðan hátt.

Þegar ríkisstjórn Ólafs Thors var mynduð árið 1953, var samið um það milli stjórnarflokkanna, að unnið skyldi að því, að að minnsta kosti 250 millj. kr. yrði varið til rafvæðingar víðsvegar um landið á næstu tíu árum, þ. e. a. s. á árunum 1954—1963. Með lögum frá apríl 1954 var svo slík fjárfesting endanlega ákveðin.

Með tilliti til þessarar ákvörðunar var gerð áætlun um framkvæmdir. Þegar í árslok 1954 voru framkvæmdir ákveðnar, en ekki lá þó fyrir þá nema lauslegt stofnkostnaðaryfirlit. Hljóðaði það upp á samtals 314 millj. kr. Á árinu 1955 var svo bætt við þetta yfirlit rafveitum fyrir 29 millj. kr., miðað við verðlag ársins 1954, og hækkaði þá heildarupphæð yfirlitsins upp í 343 millj. kr. Þessi upphæð sundurliðaðist þannig:

| | |
|--|------------------|
| Orkuver og aðalorkuveitur | 177,9 millj. kr. |
| Stofnlínur til kaupstaða og kauptúna | 27,1 — — |
| Sveitaveitur | 100,0 — — |
| Innanbæjarveitur í kaupstöðum og kauptúnum ... | 38,0 — — |

Samtals 343,0 millj. kr.

Þegar þetta yfirlit lá fyrir, gat verið spurning um, hvort ekki væri eðlilegt að fella strax burtu þær veitur, sem sízt komu til álita, þannig að heildarupphæðin yrði 250 millj. kr., eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Það var þó ekki gert, en í ársbyrjun 1959 var ákveðið að fresta ýmsum veitum, sem miðað við verðlag ársins 1954 áætluðust kosta 66 millj. kr. Eftir þá breytingu var heildarupphæð stofnkostnaðaryfirlitsins komin niður í 277 millj. kr. Við þessa endurskoðun breyttust að nokkru áætlanir um sveitaveitur án þess þó, að heildartölu býla á veitunum væri breytt, eða áætluð fjárhæð til sveitaveitna væri lækkuð. Hins vegar sundurliðaðist lækkunin þannig:

| | |
|---|-----------------|
| Orkuver og aðalorkuveitur | 52,7 millj. kr. |
| Stofnlína til kaupstaða og kauptúna | 13,3 — — |

Samtals 66,0 millj. kr.

Kostnaður framkvæmda hefur farið langt fram úr kostnaðaráætluninni 277 millj. króna, miðað við verðlag og peningagengi ársins 1954. Ýmsar ástæður koma hér til. Meginástæðan er breyting verðlags og gengisfellingar íslensku krónunnar og ennfremur kemur til, að ýmsar framkvæmdir hafa orðið hjá Rafmagnsveitu ríkisins, sem ekki voru taldar með í hinni upprunalegu tíu ára áætlun.

Stofnkostnaður af mannvirkjum Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt tíu ára áætluninni hefur verið sem fram kemur á eftirfarandi töflu.

| Ár | Stofnlínur, | | Samtals Millj. kr. |
|------------|--|--|-----------------------|
| | Orkuver og aðalorkuveitur Millj. kr. | sveitaveitur og innanbæjarkerfi Millj. kr. | |
| 1954 | 6,1 | 17,5 | 23,6 |
| 1955 | 13,0 | 20,5 | 33,5 |
| 1956 | 34,5 | 23,8 | 58,3 |
| 1957 | 49,6 | 24,8 | 74,4 |
| 1958 | 93,8 | 24,1 | 117,9 |
| 1959 | 44,2 | 23,2 | 67,4 |
| 1960 | 57,7 | 35,1 | 92,8 |
| 1961 | 27,6 | 25,7 | 53,3 |
| 1962 | 36,1 | 40,3 | 76,4 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 362,6 | 235,0 | 597,6 |

Auk þessa kostnaðar, sem er samtals 597,6 millj. kr., kemur til viðbótar 130,6 mill. kr., sem eru hækkanir, er hafa orðið á áhvilandi erlendum lánum Rafmagnsveitna ríkisins vegna gengisbreytinga íslensku krónunnar og yfirfærslugjalda, sem sett hafa verið á þessu tímabili. Þegar þetta er reiknað með, nemur stofnkostnaður þeirra framkvæmda tíu ára áætlunarinnar, sem falla á árin 1954—1962, samtals 728,2 millj. kr. í íslenskum gjaldeyri miðað við núverandi gengi.

Hér fer á eftir tafla, er gefur til kynna, hvernig fjár hefur verið aflað til að mæta framangreindum stofnkostnaði, svo og öðrum eignaliðum og rekstrarhalla Rafmagnsveitnanna á þessu tímabili. Er hér miðað við árslok 1962.

Út:

| | |
|---|------------------|
| Stofnkostnaður 10 ára áætlunarinnar | 728,2 millj. kr. |
| Annar stofnkostnaður 1954 | 56,4 — — |
| Rekstrarhalli | 78,7 — — |
| Aðrir eignarliðir | 39,0 — — |
| | <hr/> |
| | 902,3 millj. kr. |

Inn:

| | |
|------------------------------------|------------------|
| Erlend lán | 384,4 millj. kr. |
| Innlend lán, föst | 119,4 — — |
| Innlend vörulán | 26,1 — — |
| Innlend lán, ýmis | 67,6 — — |
| Eigið fé raforkusjóðs | 106,9 — — |
| | <hr/> |
| | 704,4 millj. kr. |
| Heimtaugargjald | 52,9 millj. kr. |
| Ríkisstyrkur til sveitaveitna | 87,8 — — |
| Afskriftir | 57,2 — — |
| | <hr/> |
| | 197,9 — — |
| | <hr/> |
| | 902,3 millj. kr. |

Stofnkostnaður tíu ára áætlunarinnar skiptist á framkvæmdir þannig:

| | |
|---|----------------|
| Aðalorkuveitur og orkuver | 463 millj. kr. |
| Stofnlínur, sveitaveitur og innanbæjarkerfi | 265 — — |
| | <hr/> |
| | 728 millj. kr. |

Hér hafa verið rakin meginatriðin í tíu ára rafvæðingaráætluninni.

Framsóknarmenn hafa sína eigin söguskýringu á því, sem gerzt hefur. Í forustugrein í Tímanum 13. maí 1958, er fjallaði um framkvæmd raforkuáætlunarinnar, segir svo:

„Það kom, eins og vænta mátti, í hlut Framsóknarmanna, að hefja þetta merki. Skrúmið og orðagjálfríð skorti ekki hjá íhaldinu fremur en endranær, en viljinn til athafna var ekki viðlátinn.“

Slíkt skraf haggar ekki staðreyndum. Verkin tala.

Sjálfstæðismenn leggja nú höfuðáherzlu á að ljúka framkvæmd tíu ára áætlunarinnar og síðan halda verkinu áfram, unz að fullu verði náð því takmarki, að allir landsmenn búi við rafmagn.

Ingólfur Jónsson, raforkumálaráðherra, sagði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 20. október 1961:

„Eftir lok tíu ára áætlunarinnar 1964 munu 182 þúsund manns hafa fengið rafmagn. En um 8 þúsund manns, eða 4% þjóðarinnar, verður þá án rafmagns. Athugun er hafin á því, hvernig leysa megi rafmagnsmál þeirra byggða, sem eru utan við tíu ára áætlunina.“ (Landsfundarskýrsla 1961, bls. 62.)

„Stórfelld hringavitleysa“

Kommúnistar telja sig vera útvalda baráttu- og hvatamenn að almannatryggingum. Ekki ósjaldan eiga þeir til með að bera fram til lögur og yfirboð um eflingu almannatrygginga. Þetta brýtur að vísu gegn kenningum þeirra um, að allar félagslegar umbætur í borgaralegu þjóðfélagi séu gagnslaugar og raunar til ills eins, slíkt sé ekki nema til að framlengja líf hins dauðadæmda auðvaldsþjóðfélags og seinka tilkomu framtíðarríkis öreiganna. En ekki hentar þeim í lýðskrumi sínu að halda á lofti kenningum Lenins og Stalins um þessi efni. Hins vegar standa þær kenningar ávallt nærri hjarta hvers sanntrúaðs kommúnista. Og stundum gægjast úlfshárin undan sauðargærinni. Gott dæmi um þetta fyrirbrigði eru viðbrögð kommúnista við þeirri miklu eflingu almannatrygginga, sem núverandi ríkisstjórn hefur komið í framkvæmd.

Í forustugrein í Þjóðviljanum 1. febrúar 1962 segir svo um hinar auknu tryggingarbætur og þýðingu almannatrygginga:

„--- Þegar kemur að því að telja fram til skatts, eiga menn að bæta fjölskyldubótunum við hinar upphaflegu tekjur sínar. Það á þannig að jafngilda tekjuhækkun, þegar menn þurfa að sækja hluta af kaupum sínu tvisvar sinnum. Og þessi tilbúna tekjuhættun kemur síðan fram á skýrslum Hagstofu Íslands um kaup og kjör og er notuð af stjórnarvöldunum, sem röksemd um vaxandi velmegun almennings. Þegar menn fá þannig hækkadar árstekjur sínar á pappírnum, eiga þeir einnig að greiða hærri skatta og útsvör. Bæjarfélög og ríki koma þannig enn til skjalanna og hremma hluta af þeirri upphæð, sem menn unnu upphaflega fyrir, greiddu síðan í söluskatt og sóttu því næst inn í Tryggingastofnun. Þar með er hringrásinni þó ekki lokið. Þessi tilbúna tekjuhækkun varð til þess að skattar til ríkisins hækkuðu. Þá bjó ríkisstjórnin til lög um skattalækkun, sem að vísu færði auðmönnum langmestan ábata, en skilaði þó almennungi nokkrum krónum einnig. Og stjórnarblöðin birtu stórar fyrirsagnir og langar greinar um veglyndi ráðherranna og hinn mikilsverða árangur af viðreisninni. Þannig hefur verið búin til stórfelld hringavitleysa. Menn fá fyrst borgað kaup, greiða síðan hluta af því í söluskatt, fá endurgreitt brotabrot í fjölskyldubótum, verða að greiða aukin opinber gjöld vegna fjölskyldubótanna og fá síðan hluta af hækkuninni lækkaðan á nýjan leik.“

Hér blasir við fyrst og fremst hyldýpi forherðingar og fyrirlitningar á almannatryggingum,

- 1) mannúðarsjónarmiðum þeim, sem til grundvallar liggja, og
- 2) tilgangi þeirra til samhjálpar og tekjujöfnunar milli þeirra, sem miður mega sín, og hinna, er betur mega.

Í augum sanntrúaðra kommúnista eru almannatryggingar svikamylla. En stórfelld hringavitleysa má það vera, þegar farið er að telja þeim, sem trygginganna njóta, trú um slíkt hið sama.

Nýmæli í skuldamálum ríkissjóðs

Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, skýrði frá því í fjárlagaræðu sinni á Alþingi 23. október sl., að tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1961 hafi fyrst og fremst verið ráðstafað til að greiða upp lausaskuldir ríkisins. Þessar skuldir voru í ársbyrjun 1961 42,8 millj. króna, en voru greiddar að fullu á árinu.

Lausaskuldir ríkissjóðs hafa verið sem hér segir miðað við árslok:

| | | | |
|------|--------|--------|--------|
| 1950 | 91,9 | millj. | króna. |
| 1951 | 84,4 | — | — |
| 1952 | 80,5 | — | — |
| 1953 | 72,8 | — | — |
| 1954 | 69,2 | — | — |
| 1955 | 105,0 | — | — |
| 1956 | 91,5 | — | — |
| 1957 | 89,5 | — | — |
| 1958 | 60,8 | — | — |
| 1959 | 28,1 | — | — |
| 1960 | 42,8 | — | — |
| 1961 | engar. | | |
| 1962 | engar. | | |

Til minnis:

Eysteinn Jónsson var fjármálaráðherra 1950—1958.

Guðmundur Í. Guðmundsson var fjármálaráðherra 1959.

Gunnar Thoroddsen hefur verið fjármálaráðherra frá 20. nóvember 1959.

„Bændum til ómetanlegrar hjálpar“

Með viðreisnarráðstöfunum núverandi ríkisstjórnar hefur verið stefnt að því, að koma atvinnuvegum þjóðarinnar á heilbrigðan rekstrargrundvöll, skapa möguleika fyrir myndun eigin fjár í atvinnurekstrinum og efla fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. En jafnframt því, sem þetta hefur verið gert, þurfti að gera sérstakar ráðstafanir, til þess að létta af atvinnurekstrinum óreiðuskuldum og stuttum lánum, sem framleiðslan slígaðist undir og hindraði eðlilega þróun.

Með tilliti til þessa beitti ríkisstjórnin sér fyrir lagasetningu í þeim tilgangi að létta af bændum lausaskuldum hliðstætt því, sem gert var með því að breyta lausaskuldum sjávarútvegsins í löng lán.

Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra, hafði forgöngu um að gefin voru út bráðabirgðalög 15. júlí 1961 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán (lög nr. 15 frá 1962).

Með lögum þessum var Veðdeild Búnaðarbanka Íslands heimilað að gefa út bankavaxtabréf í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem höfðu ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir höfðu ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—1960, að báðum árunum meðtöldum.

Ákveðið var, að

- 1) lánin skyldu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni væru,
- 2) lánstími skyldi vera 20 ár,

- 3) ársvextir lánanna skyldu vera 8%,
- 4) lánin að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíldu á fyrri veðréttum, mættu nema allt að 70% af matsverði veðsins og
- 5) lánin skyldu greidd út í bankavaxtabréfum þeim, sem Veðdeild Búnaðarbankans gaf út í þessu skyni.

Framsóknarmenn treystu sér ekki til þess að mæla gegn gagnsemi þessarar ráðstöfunar í sjálfu sér. Köllun sinni trúir og sjálfum sér líkir gerðu þeir hins vegar lítið úr þessum fyrirætlunum og héldu fram, að ríkisstjórnin myndi ekki geta komið þeim í framkvæmd. Þeir héldu fram, að bankavaxtabréfin yrðu bændum gagnslaus, því að skuldheimtumenn þeirra myndu ekki vilja taka bréfin sem greiðslu. Þessar fullyrðingar áttu ekki stoð í veruleikanum. Ríkisstjórnin tryggði bændum full not af aðgerðum þessum með því að semja við Búnaðarbankann og Landsbankann um kaup þessara banka á bankavaxtabréfunum. Illu heilli létu ýmsir bændur glepjust af áróðri Framsóknarforustunnar og sóttu því alls ekki um þessar lánaforreiðslur. Varð það þeim dýrkeypt reynsla. Mættu þeir bændur láta sér þetta að kenningu verða og taka með varúð fullyrðingum Framsóknarforustunnar, sem frekar miðast við flokkshagsmuni en hag bænda.

Þessum ráðstöfunum í lánamálum bænda er nú lokið á þann veg, að bændum hefur verið veitt samtals 780 lán að upphæð samtals 65,9 millj. kr.

Ekki getur farið hjá því, að þetta hafi hina mestu þýðingu fyrir bændur. Jafnvel þeir, sem efuðust, viðurkenndu það fyrirfram. Spurning þeirra var aðeins sú, hvort aðstoðin gæti orðið virk.

Tíminn ræddi mál þetta í forystugrein sinni 23. júlí 1961, og sagði þar meðal annars:

„Ef ríkisstjórnin tryggir viðhlítandi, að þessi aðstoð við bændur verði virk, ætti það að verða mörgum bændum til ómetanlegrar hjálpar . . .“

Stórvirki á sviði löggjafar

Ekki verður um það deilt, að núverandi ríkisstjórn er ein sú at-hafnamesta, sem setið hefur nokkru sinni. Hér er ekki einungis um að ræða aðgerðir stjórnarinnar á sviði efnahags- og félagsmála, sem almenningur verður mest var við, heldur hafa verið unnin stórvirki á fjölmörgum öðrum sviðum. Þannig hefur **Bjarni Benediktsson**, dómsmálaráðherra, hrundið fram mörgum málum, sem hafa grundvallarþýðingu á sviði stjórnarfars, dómstarfa og réttargæzlu í landinu. Skal hér getið þeirra helstu.

Landsdómur. Landsdómur fer með og dæmir mál þau, er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra. Um það leyti, sem Íslendingar fengu heimastjórn, voru sett lög um Landsdóm árið 1905 og síðan gerðar nokkrar breytingar á þeim lögum árið 1914. Að öðru leyti hafa lög þessi staðið óbreytt. En á lögin hefur aldrei reynt í framkvæmd og hefur það orðið til þess, að þau hafa orðið úrelt. Í júní 1960 fól dómsmálaráðherra prófessor Ólafi Jóhannessyni að endurskoða lög þessi. Samdi hann frumvarp til nýrra laga um Landsdóm, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi 1962 og samþykkt var sem lög 7. febrúar sl. Í hinum nýju lögum er gerð gagnræð breyting á skipun Landsdóms. Er hún gerð óbrottnari og viðráðanlegri í framkvæmd en áður var og jafnframt stefnt að því að fullnægja ýtrustu kröfum um réttaröryggi.

Ráðherraábyrgð. Í stjórnarskránni segir, að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, og að ráðherraábyrgð sé ákveðin með lögum. Hafa slík ákvæði verið í stjórnskipunarlögum hér frá því árið 1903, er landið fékk innlenda ráðherra-stjórn. Voru þá árið 1904 sett lög um ábyrgð ráðherra Íslands, er síðan hafa óbreytt gilt hér á landi. Er því sízt að undra, þótt þörf hafi verið talin á að gera nokkrar breytingar á þessari löggjöf, enda þótt annmarkar hennar hafi ekki komið að sök, þar eð aldrei hefur þurft að beita löggjöf þessari í framkvæmd. Dómsmálaráðherra fól því prófessor Ólafi Jóhannessyni árið 1960 að annast endurskoðun þessara laga samhliða endurskoðun laganna um Landsdóm. Ríkisstjórnin lagði fram frumvarp til nýrra laga um ráðherraábyrgð 1962 og var það samþykkt sem lög frá Alþingi 7. febrúar sl. Hin nýju lög eru nokkuð frábrugðin núgildandi ráðherraábyrgðarlögum og stefna þær breytingar til meira samræmis við almennar réttarfarshugmyndir og þá pólitísku ábyrgð, sem hlýtur að þróast, þar sem samsteypustjórnir eru langvarandi eins og hér á landi.

Hæstiréttur Íslands. Árið 1961 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um Hæstarétt Íslands. Hafði dómsmálaráðherra falið dómurum Hæstaréttar og Theodór B. Línadal, prófessor, að semja frumvarp þetta. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af fenginni reynslu við meðferð mála fyrir Hæstarétti og erlendri löggjöf. Alþingi samþykkti frumvarp þetta með nokkrum breytingum sem lög nr. 52/1962. Koma lög þessi í stað laga nr. 112/1935 um Hæstarétt. Í hinum nýju lögum eru ýmis nýmæli, meðal annars að Hæstarétt megi setja utan Reykjavíkur, ef sérstaklega stendur á.

Meðferð opinberra mála. Árið 1961 samþykkti Alþingi lög nr. 57/1961 um breyting á lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Með lögum þessum var stofnað

embætti saksóknara ríkisins, sem fer með opinbert ákærvald í stað dómsmálaráðherra eins og áður var.

Á Norðurlöndum og víða annars staðar hefur ákærvaldið verið fengið í hendur sérstökum saksóknara. Þykir meira réttaröryggi með þeirri skipan heldur en að ákærvaldið sé í höndum pólitísks ráðherra. Langt er síðan, að tillögur komu fram hér á landi um slíka skipun þessara mála, þó að þær hafi ekki fyrr náð fram að ganga. Í stefnu-skrá Heimdallar, félags ungra Sjálfstæðismanna, frá 1931 var ákvæði um, að skipaður yrði opinber ákærandi. Árið 1934 bar Gunnar Thor-oddsen, núverandi fjármálaráðherra, fram á Alþingi frumvarp til laga um opinberan ákæranda. Sama ár var lagt fram á Alþingi frumvarp að tilhlutan þáverandi dómsmálaráðherra, Hermanns Jónssonar, þar sem lagt var til, að ákærvaldið yrði falið sérstökum opinberum ákæranda. Árið 1947 skipaði Bjarni Benediktsson, þáverandi dómsmálaráðherra, nefnd til að semja frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Var þar enn lagt til, að stofnað yrði embætti saksóknara ríkisins, sem færi með opinbert ákærvald. Að tilhlutan Friðjóns Skarp-héðinssonar, þáverandi dómsmálaráðherra, var enn lagt fram frumvarp á Alþingi 1959, þar sem lagt var til, að ákærvaldið yrði lagt í hendur sérstaks embættismanns, saksóknara ríkisins. Engin þessara frumvarpa náðu fram að ganga eða fengu afgreiðslu, og er það fyrst nú, sem málinu er komið heilu í höfn.

Með lögum þessum var og sú nýskipan gerð, að sakadómurum í Reykjavík var fjölgað upp í 3—5 og skal einn þeirra vera yfirsakadómari.

Dómsmálastörf í Reykjavík. Árið 1961 samþykkti Alþingi lög nr. 98/1961 um dómsmálastörf, lögreglu-stjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Með lögum þessum var gerð breyting á skipun embætta borgardómara og borgarfógeta í Reykjavík. Er kveðið svo á, að borgardómarar skuli vera 5—7 og einn þeirra yfirborgardómari. Þá er dómsmálaráðherra heimilað að ákveða, að í Reykjavík skuli vera 5—7 borgarfógetar og sé einn þeirra yfirborgarfógeti. Brýna nauðsyn þótti bera til að koma þessari skipan á, vegna þess að fjöldi einkamála, sem rekin eru í Reykjavík, var orðinn svo mikill, að dómarnir höfðu ekki í lengri tíma getað dæmt þau öll sjálfir. Þess í stað höfðu fulltrúar þeirra haft málsmeðferð með höndum og kveðið upp dóma í málum sjálfstætt. En auðsýnt þótti, að þeir menn, sem fara með og dæma mál sjálfstætt, eigi að bera fullt dómarnafn og hafa réttindi og skyldur samkvæmt því.

Ríkisfangelsi og vinnuhæli. Árið 1960 fól dómsmálaráðherra Valdimar Stefánssyni, þáverandi sakadómara, að undirbúa tillögur og gera áætlanir um að koma fangelsismálum landsins í nútímahorf, eftir því sem fært þætti miðað við

allar aðstæður hér á landi. Á grundvelli þessara athugana og tillagna var samið lagafrumvarp, sem lagt var fyrir Alþingi og samþykkt sem lög nr. 18/1961 um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Með lögum þessum er stefnt að gagnræðum umbótum í þessum málum, bæta refsiframkvæmdina og aðbúð fanga. Stofna skal í Reykjavík eða í nágrenni hennar ríkisfangelsi, sem rúmar 100 fanga. Vinnuhæli ríkisins, sem rúmar 29 fanga, verði áfram á Litla-Hrauni, en bætt verði við það 31 klefa, svo að það rúmi alls 60 fanga. Stofna skal í sveit unglinga-fangelsi fyrir 25 fanga og skal það fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð 22 ára aldri.

Fjárveitingar til þessara mála hafa verið stórauðnar og er nú verið að safna fé til að hrinda þessum umbótum áleiðis.

Héraðsfangelsi. Sett hafa verið lög nr. 21/1961 um héraðsfangelsi. Lög þessi voru byggð á tillögum Valdimars Stefánssonar, þáverandi sakadómara, og voru sett samtímis lögum um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Lög þessi fjalla um þau fangelsi, sem ætlast er til, að ríkisvaldið og sveitarfélögin sjái um að byggja og reka í sameiningu. Er með lögum þessum reynt að leysa úr þeim vanda, sem oftast verður í vegi, þegar þessir tveir aðilar eiga að vinna saman að byggingarframkvæmdum.

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Verzlunarfrelsi

Baráttan fyrir verzlunarfrelsi hefur verið veigamikill þáttur í sögu þjóðarinnar síðustu aldirnar, svo sem kunnugt er. En síðustu áratuginna hefur í þessu efni gerzt mikil og alvarleg öfugþróun, þar sem kreppu- og stríðstímar hafa fært að höndum höft og hömlur, er menn hafði ekki órað fyrir, en höfðu talið tilheyra liðnum tíma. Yfir krepputím-ann og stríðsárin voru höftin að heita má alþjóðlegt fyrirbæri, en með endurreisn eftirstríðsáranna stefndu flestar vestrænar þjóðir markvisst að auknu frelsi og eðlilegu viðskiptaástandi.

Ísland hefur á þessu sviði látið sinn hlut eftir liggja lengst af frá stríðslokum. Árin 1950—1955 var þó stefnt markvisst að afnámi hafta og auknu frjálsræði. Á valdatíma vinstri stjórnarinnar sótti allt í sama horfið aftur. Þeir frilistar, sem héldu formlegu gjaldeyris til þeirra nota, en þeim bar engin lagaskylda til hömlulausrar afgreiðslu frílistagjaldeyris. Fyrir vörur háðar leyfum varð haftakerfið tvöfalt, bæði hjá Innflutningsskrifstofunni og bönkum. Stór hluti utanríkisviðskiptanna var reyrdur á klafa jafnvirðiskaupa og beinna vöruskipta. En í þeim skiptum ríkti að miklum hluta falskt útflutningsverðlag, með uppsprengdu innflutningsverðlagi, rýrum vörugæðum og oftlega beinum brögðum á afhendingu og ásigkomulagi varanna. En almenn- ingur var sviptur réttinum til að velja og hafna og varð að láta sér nægja óhaganlega og óhæfa vöru.

Viðreisnarstjórnin kom til valda með þeim ásetningi að afnema þetta ófrelsi og réttleysi. Var það gert kleift með því að koma á raun- hæftri gengisskráningu, en auk þess var aflað bráðabirgðalána hjá alþjóðastofnunum, sem Ísland er aðili að, til þess að komast yfir byrj- unarörðugleika.

Hinar almennu efnahagsráðstafanir tóku gildi í febrúar 1960. Í framhaldi af því voru sett lög nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. og gengu lög in í gildi 27. maí með setningu reglugerða um skipan þessara mála og um veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa.

Þessar aðgerðir fólu í sér þetta:

- 1) Innflutningur á vörum til landsins var gerður frjáls, nema ann- að sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð.
- 2) Innflutningsskrifstofan var lögð niður.

- 3) Útflutningsnefnd sjávarafurða, sem stofnuð hafði verið 1957, var lögð niður.
- 4) Afnumdar voru fjárfestingahömlur þær, sem gilt höfðu síðan 1947.

Þetta þýddi í framkvæmd, að um 60% innflutningsins var sett á frílista og — það, sem ekki var minna um vert — gerðar voru ráðstafanir til þess, að frílistinn veitti raunveruleg réttindi, með því að lögín skylda viðskiptabankana til þess að láta gjaldeyri af hendi til kaupa á frílistavörum. Fyrir vörur háðar innflutningsleyfum voru ýmist gefnir út ákveðin kvótar (ákveðin upphæð af viðkomandi vörutegund), er giltu fyrir öll lönd, eða leyfin voru gefin út á ákveðin jafnvirðiskaupalönd, einkum Austur-Evrópulöndin. Af þeim vörum munu aði mest um olíur, benzín og timbur.

Frá því að þessar ráðstafanir komu til framkvæmda, hefur allmörgum vörutegundum verið bætt við frílistann, og eru sumar þeirra þýðingarmiklar. Árið 1961 var þannig bætt á frílistann fólksbifreiðum o. fl., en árið 1962 var bætt við hreinlætistækjum o. fl.

Með árinu 1962 má telja, að svo algjöru verzlunarfrelsi hafi verið á komið, að tæplega verði menn varir við nokkrar hömlur við því. Miðað við gildandi ákvæði í árslok 1962 skiptist innflutningur þannig:

- 1) Út á frílista 69,4%.
- 2) Út á kvóta 15,9%.
- 3) Gegn venjulegum leyfum 14,7%.

Alls er því 85,3% innflutningsins flutt þaðan, sem mönnum líkar bezt og verð og gæði eru hagfeldust, en aðrar leyfisvörur eru að mestu magni staðlaðar vörur, svo sem olíur, benzín og timbur, en það snertir menn lítið, þótt slíkar vörur megi ekki velja hvaðan sem er.

Þá má einnig marka aukið verzlunarfrelsi af tölum um skiptingu innflutnings og útflutnings eftir frjálsgjaldeyrilöndum og jafnvirðiskaupalöndum. Hér fara á eftir töflur um hlutfallslega skiptingu utanríkisverzlunarinnar eftir gjaldeyrissvæðum árin 1958—1962.

Skipting innflutnings í %.

| | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 | 1962 |
|---------------------|------|------|------|------|------|
| Frjálsgjaldeyrilönd | 58,6 | 62,6 | 74,9 | 75,2 | 79,3 |
| Jafnvirðiskaupalönd | 41,4 | 37,4 | 25,1 | 24,8 | 20,7 |

Skipting útflutnings í %.

| | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 | 1962 |
|---------------------|------|------|------|------|------|
| Frjálsgjaldeyrilönd | 57,3 | 60,4 | 74,3 | 84,1 | 80,1 |
| Jafnvirðiskaupalönd | 42,7 | 39,6 | 25,7 | 15,9 | 19,9 |

Þýðing verzlunarfrelsisins ætti að vera öllum augljós. Rétturinn til að velja og hafna verður vart metinn til fjár. En frelsi leiðir til hag-

stæðari viðskipta, meira úrvals, meiri vörugæða, samkeppni um hylli kaupenda og hagstæðara verðs. Fjölmörg dæmi hafa þegar fært heim sanninn um, að viðskipti hafa verið greiðari og kjör hagstæðari bæði í innflutningi og útflutningi sökum þeirra nýju möguleika, er verzlunarfrelsi og jafnvægisstjórn hafa skapað.

Mest af þessum hagsbótum kemur alls ekki fram í þeim mælikvarða, sem tölulega er lagður á viðskiptakörin gagnvart útlöndum, því að þær mælingar ná ekki yfir aukin vörugæði hverrar tegundar. Hins vegar virðist öruggt, að verzlunarfrelsið ræður verulega um þann bata viðskiptakjara, er kemur fram af hagskýrslum.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir vísitölu útflutningsverðlags, innflutningsverðlags og viðskiptakjara, en viðskiptakörin eru skilgreind sem hlutfallið milli útflutnings- og innflutningsverðlags.

| | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 |
|-------------------------------|-------|-------|------|-------|
| Vísitala útflutningsverðlags | 100.0 | 102.0 | 93.8 | 102.0 |
| Vísitala innflutningsverðlags | 100.0 | 100.5 | 98.0 | 95.6 |
| Vísitala viðskiptakjara | 100.0 | 101.5 | 95.7 | 106.6 |

Hin hagstæða þróun innflutningsverðlagsins frá 1959 er sérstaklega áberandi, og ræður sú þróun mestu um heildarbreytingu viðskiptakjaranna yfir tímabilið.

Þótt kostir verzlunarfrelsisins séu svo augljósir og sýni sig þannig í verki, hefur það kostað harða baráttu Sjálfstæðisflokksins að koma því á. Þessu grundvallarstefnumáli flokksins hefur núverandi ríkisstjórn megnað að koma í framkvæmd.

Á undan er gengin löng baráttu fyrir málinu við andstöðu eða skilningsleysi stjórnarandstöðuflokkanna fyrr og síðar. Kommúnistar eru svarnir andstæðingar verzlunarfrelsis, svo sem annars frjálsræðis. En Framsóknarmenn hafa leikið tveim skjöldum, svo sem þeir jafnan gera, þar sem um góð málefni er að ræða. Þeir standa gegn þeim meðan þeir þora, en vanda sínu kvæði í kross, þegar augljóst er, að fólkið heimtar og kallar á umbætur. Á sama hátt og þeir hafa áður verið í raun og veru allra manna mestir haftapostular, er þeir hafa setið við völd, svo munu þeir nú í stjórnarandstöðu þykjast vera unndur verzlunarfrelsisins, þegar því hefur verið komið á, og fólkið finnur þýðingu þess fyrir hag sinn og velmegun. En ekki bregður mær vana sínum, þess vegna mega þeir ekki völdin fá.

Fjárfesting

Mikið og margt er talað um fjárfestingu. Í öllum umræðum um fjárfestingu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir almennu gildi hennar fyrir þjóðarbúskapinn. Fjárfesting er í eðli sínu kostnaður, sem tekinn er af takmarkaðri upphæð þjóðarframleiðslunnar. Því

meiri, sem fjárfestingin er, því minna er aflögu til neyzlu einstaklinga og til þjónustu hins opinbera við almenning. Fjárfesting verður að skila árangri, er réttlæti þennan kostnað. Það fer eftir aðstæðum á hverjum tíma, hve mikil fjárfesting svari kostnaði miðað við aðra ráðstöfun verðmæta, sem til greina kemur í staðinn. Þegar atvinna er rýr og skortur er á framleiðslutækjum, ber að setja fjárfestingarmarkið hátt. En sé atvinna næg og gnótt atvinnutækja af tæknilega fullkominni gerð, getur mjög mikil fjárfesting beinlínis dregið úr annarri framleiðslu og stefnt jafnvægi þjóðarbúskaparins í voða. Einkum á þetta við, ef gjaldeyrisstaðan er veik og þjóðin safnar óhóflegum skuldum erlendis.

Stjórnarandstæðingar hafa haldið uppi linnulausum árásum á ríkisstjórnina fyrir samdrátt í verklegum framkvæmdum og fjárfestingu almennt. Málflutningur þeirra hefur einkennzt af þessu:

- 1) Þeir hafa ekki gert sér það ómak að rökstyðja, hver muni vera skynsamleg upphæð fjárfestingar ár hvert.
- 2) Yfirleitt er ekki hægt að koma málflutningi þeirra heim og saman með öðrum hætti en þeim, að þeir vilji ráðstafa miklu meir en nemur framleiðslu þjóðarinnar á hverjum tíma.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar gert hreinskilnislega grein fyrir því, um hvaða kosti sé að velja og bent á raunhæft val milli þessara kosta. Þetta kemur fram í þjóðhags- og framkvæmdáætlun fyrir árin 1963—1966, sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi 10. þessa mánaðar. Stefna ríkisstjórnarinnar tekur til greina þá staðreynd, að fjárfesting þarf að vera hæfileg um nokkurt árabil, þannig að einstök ár getur þurft að le iðréttu fyrir því, sem er of eða van frá fyrri árum. En eftir að stefnan er farin að njóta sín til fulls, er leitast við að halda uppi mikilli og jafnri fjárfestingu eins og glöggst kemur fram af framkvæmdáætluninni og staðfest er af hinni miklu fjárfestingu ársins 1962.

Í þjóðhags- og framkvæmdáætluninni eru m. a. birtar ýtarlegar skýrslur um fjárfestingu árána 1957—1962. Í ljósi þessara skýrslna er fróðlegt að bera saman fjárfestingu í tíð vinstri stjórnarinnar, árin 1957 og 1958, við fjárfestingu árána 1959—1962.

Hér fara á eftir tölur, er sýna fjármunamyndunina árin 1957—1962, þ. e. fjárfestingu í myndun fjármuna annarra en aukningu birgða og bústofns. Allar tölur eru byggðar á verðlagi í árslok 1962.

Fjármunamyndun 1957—1962.

Millj. króna.

| 1957 | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 | 1962 |
|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| 2.702 | 2.614 | 2.877 | 3.050 | 2.385 | 2.711 |

Af töflu þessari sést, að fjármunamyndunin í heild var 2.658 milljónir króna að meðaltali í tíð vinstri stjórnarinnar. Var það mjög

hátt hlutfall af þjóðartekjum eða um 29%, þannig að alls ekki virtist brýn nauðsyn á aukningu næstu árin. Sveiflan í fjármunamynduninni árin 1960 og 1961 stafar að mestu af því, hve mikill hluti bátainnflutnings þessara ára féll á árið 1960, en það hefur að sjálfsögðu engin áhrif á hina innlendu fjármunamyndun. Hins vegar mun það hafa dregið nokkuð úr annarri fjármunamyndun árið 1961, að manna þurfti stórauðinn bátafloata og að afkoma á þeim var svo hagstæð, að menn sóttu mjög til þessa atvinnuvegar. Fjármunamyndun ársins 1962 er svo aftur hærri en á tíma vinstri stjórnarinnar.

Ennfremur má marka af framangreindri töflu þetta:

- 1) Árin 1959—1962 var fjármunamyndunin að meðaltali 2.756 milljónir króna á ári eða rétt um 100 milljónum króna hærri en í tíð vinstri stjórnarinnar.
- 2) Í tíð viðreisnarstjórnarinnar, 1960—1962, var fjármunamyndunin að meðaltali 2.715 millj. kr. eða 57 millj. kr. hærri en í tíð vinstri stjórnarinnar.

Verkamannabústaðir

Þegar löggin um verkamannabústaði voru sett árið 1929, var því lýst í greinargerð með frumvarpi að lögunum, að tilgangurinn með laga-setningu þessari væri að gera verkalýð bæjanna kleift að fá hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans. Því var haldið fram, að þetta myndi seint takast, eins og efnun fjöldans var þá hátt, nema með aðstoð hins opinbera. Sem betur fer er svo ekki lengur, enda viðurkennt af öllum, að þessari fjölmennustu stétt þjóðfélagsins verður að búa þau kjör, sem geri henni yfirleitt mögulegt að koma sér upp, hjálparlaust, viðunandi húsnæði. En þegar svo er ástatt, ætti að vera þeim mun hægara að aðstoða þá þegnana, sem raunverulega eru verst settir.

Í framkvæmd hafa löggin um verkamannabústaði haft mikla þýðingu á síðustu áratugum. Frá 1930—1960 veitti Byggingarsjóður verkamanna lán, að upphæð samtals 104 milljónir króna. En hins vegar eru það aðrar ástæður, sem mestu hafa valdið á þessum tíma um þá gjörbreytingu, sem orðið hefur á húsakosti þjóðarinnar. Þar veldur hin mikla aukning, sem orðið hefur á framleiðsluafköstum og þjóðartekjum. Þannig hafa rösklega 17 þúsund íbúðir verið byggðar í bæjum og kaupúnum á tímabilinu 1930—1960, en þar af eru íbúðir verkamannabústaða aðeins 11—1200.

Til þess að Byggingarsjóður verkamanna gæti komið að sem mestum notum við að aðstoða þá þegna þjóðfélagsins, sem raunverulega eru verst settir, er nauðsynlegt að

- 1) takmarka fyrrgreiðsluna við ákveðið tekju- og eignahámark þeirra, sem hennar geta notið,

- 2) veita nægilega mikla aðstoð, svo hún komi að fullu gagni þeim, sem njóta eiga.

Þessi tvö skilyrði hljóta að fara saman og vera hvort öðru háð. Hugsunin er sú að hjálpa einungis þeim, sem hjálpar eru þurfi, en veita þeim næga hjálp.

Hin síðari ár hafa orðið miklir misbrestir í framkvæmd á þessum tilgangi laganna.

Vinstri stjórnin gerði tilraun til að bæta úr þessu, en sú tilraun mistókst.

Vinstri stjórnin lofaði einnig heildarendurskoðun á lögum um verkamannabústaði, en það loforð var svikið.

Í tíð vinstri stjórnarinnar lánaði Byggingarsjóðurinn út á hverja íbúð 140—160 þúsund krónur. Þeir einir gátu notið þessara lána, sem ekki höfðu yfir 50 þúsund kr. árstekjur að viðbættum 5 þúsund kr. fyrir hvern ómaga og ekki áttu yfir 75 þúsund kr. skuldlausu eign. Ríkissjóði er gert að greiða óafturkræft framlag til Byggingarsjóðsins gegn jafnháu framlagi frá viðkomandi sveitarfélagi. Í tíð vinstri stjórnarinnar var framlag sveitarfélaganna miðað við 24 króna lágmarks- og 40 króna hámarksframlag á hvern íbúa sveitarfélags.

Vandamálið var það, að það voru fáir, sem höfðu svo litlar tekjur og áttu svo litla skuldlausu eign, er færir voru um að koma sér upp þaki yfir höfuðið með ekki hærri lánnum en veitt voru. Hinir verst settu gátu ekki notið aðstoðarinnar vegna þess, að hún var of lítil. Enn fremur voru fastatekjur Byggingarsjóðsins of litlar.

Til að bæta úr þessu ákvað núverandi ríkisstjórn að láta fara fram endurskoðun á lögum um verkamannabústaði, og var árið 1962 lagt fyrir Alþingi frumvarp að nýjum lögum, sem samþykkt var sem lög nr. 61, 1962 um verkamannabústaði.

Helztu breytingarnar, sem voru gerðar með lögum þessum, eru þessar:

- 1) Lánsupphæð Byggingarsjóðs verkamanna var hækkuð upp í 300 þúsund krónur út á hverja íbúð.
- 2) Tekjuhámark lántakanda var hækkað upp í 65 þúsund kr. árstekjur og 5 þúsund kr. fyrir hvern ómaga og eignahámarkið upp í 150 þús. kr. skuldlausu eign.
- 3) Til þess að gera Byggingarsjóðnum kleift að standa undir hækkingun lánanna var ákveðið að auka tekjur hans með því að ákveða lágmarksframlag sveitarfélaganna 40 krónur og hámarksframlag 60 krónur.

Allar þessar breytingar, sem gerðar voru á lögum um verkamannabústaði, eru til þess fallnar, að gera Byggingarsjóðnum betur fært en áður var að þjóna tilgangi sínum. Hefur árangurinn þegar komið í ljós. Á árinu 1962 samþykkti stjórn Byggingarsjóðsins að veita lán til verkamannabústaða að upphæð samtals 41,8 milljónir króna.

Aukning síldariðnaðarins

Ekki hefur farið fram hjá neinum, hve gífurlegar framfarir og afkastaaukning hefur verið í síldariðnaðinum í tíð núverandi ríkisstjórnar. En það er eins og Framsóknarforustunni sé ekki sjálfrátt. Hún lokar augunum fyrir staðreyndum, lætur sem hún ekki sjái þær. Hins vegar sér hún ríkisstjórnina vinna af alefli, hvar sem við verður komið, til að hamla gegn því, að nokkrar framfarir geti orðið. Þannig hefur þetta verið allt kjörtímabilið. Það var hald manna, að eftir því sem að liði á kjörtímabilið og eftir því sem meira kæmi í ljós af árangri viðreisnarstefnu ríkisstjórnarinnar, þá myndi Framsóknarforustan draga saman seglin í þessum áróðri sínum og hætta þeirri afskræmingu staðreyndanna, sem hún hefur iðkað. En þessu er ekki að heilsa. Svo virðist, sem Framsóknarmenn færast nú allir í aukana, eftir því sem nálgast kosningar, og sjást þeir lítt fyrir. Í Tímanum 16. janúar sl. er í forsíðugrein vikið að síldveiðunum hér suðvestanlands, þar segir:

„Það hefur verið mönnum mikið gleðiefni, að sjórinn í kringum landið hefur verið og er fullur af síld bæði sumar og vetur. En þetta notast ekki nema að takmörkuðu leyti, þrátt fyrir góða tíð, vegna skorts á síldarbræðslum. Síðustu misserin hefur mönnum blöskrað meir en orð fá lýst tómlæti ríkisstjórnarinnar í síldarmálinum . . . Öllum, sem nokkuð þekkja til þessarra mála, blöskrar alveg framkoma ríkisstjórnarinnar. Það er eins og henni sé alveg sama, hvort síldin veiðist eða ekki. Stefnan er þessi: — Það er betra að eiga peninga „frysta“ í Seðlabankanum en tæki til að taka á móti síld og gera hana að peningum.“

Hvaða stoð hafa slíkar fullyrðingar í veruleikanum?

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir viðbót verksmiðjuafkasta á Suðvesturlandi, sem orðið hafa frá 1958 til ársloka 1962:

| | |
|--------------------------|------------------------|
| Akranes | 1700 mál |
| Reykjavík | 1500 mál |
| Hafnarfjörður | 2000 mál |
| Keflavík | 2500—3000 mál |
| Sandgerði | 2000 mál ný verksmiðja |
| Grindavík | 1500—1800 mál |
| Vestmannaeyjar | 3000 mál |
| Stykkishólmur | 300 mál |
| Ólafsvík | 600 mál |

Samkvæmt töflu þessari hefur afkastageta síldarverksmiðjanna á þessu svæði aukizt á þessu tímabili um 15—16 þúsund mál á sólarhring. Þegar vinstri stjórnin lét af völdum í árslok 1958, voru afköst síldarverksmiðjanna suðvestanlands um 12—13 þúsund mál samtals.

Samkvæmt þessu hafa afköst sildarverksmiðjanna á þessu svæði auk-
 izt á þessu tímabili um hvorki meira né minna en 115—130%.

Í þessu sambandi má geta þess, að nú eru í undirbúningi verk-
 smiðjubyggingar í Bolungarvík, Flateyri, Ísafirði og Patreksfirði.

Atvinnubótasjóður

Frá árinu 1951 hefur verið varið fé úr ríkissjóði til atvinnuaukn-
 ingar í landinu. Greiðslur þessar námu frá 1951—1961, að báðum ár-
 um meðtöldum, samtals 101,8 milljónir króna. Langsamlega mest af
 þessu fé hefur verið úthlutað sem lánum, en aðeins litlum hluta sem
 styrkjum. Framan af, eða til ársins 1958, var atvinnuaukningarfénu
 úthlutað í félagsmálaráðuneytinu í samvinnu við atvinnuáráðuneytið
 og fjármálaráðuneytið, en síðan 1958 hefur nefnd kosin af
 sameinuðu Alþingi annast úthlutunina, en félagsmálaráðuneytið síð-
 an afgreitt lán og styrki samkvæmt úthlutunum nefndarinnar. Til-
 gangurinn með þessum ráðstöfunum var að stuðla að jafnvægi í byggð
 landsins En ráðstafanir þessar lutu ekki föstu skipulagi og voru all-
 lausar í reipunum.

Þann 29. marz 1961 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu frá
Sigurði Bjarnasyni o. fl., þar sem skorað var á ríkisstjórnina að undir-
 búa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir
 til framleiðsluaukningar og jafnvægis í byggð landsins, meðal annars
 um stofnun jafnvægisjóðs ásamt ákvæðum um framlög í því skyni
 og úthlutun þess fjár. Skyldi tilgangur þessarar löggjafar fyrst
 og fremst vera sá, að stuðla að afnvægi í byggð landsins og að hagnýt-
 ingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.

Samkvæmt þingsályktun þessari lét ríkisstjórnin semja frumvarp
 til laga um atvinnubótasjóð, sem samþykkt var sem lög nr. 40, 1962
 um atvinnubótasjóð. Samkvæmt lögum þessum skal stofna Atvinnu-
 bótasjóð, sem skal vera eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er:

- 1) Að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöð-
 um í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að
 aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins.
- 2) Að veita lán til að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskil-
 yrða í landinu.

Stofnfé sjóðsins er:

- 1) Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 100 milljónir króna, sem greið-
 ist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á ár-
 inu 1962.
- 2) Eftirstöðvar lána þeirra, sem veitt hafa verið til þess að bæta
 úr atvinnuörðugleikum í landinu samkvæmt 20. og 22. gr. fjár-
 laga.

Stjórn Atvinnubótasjóðs skipa 5 menn, sem kosnir eru hlutfalls-
 kosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils.
 Framkvæmdabanki Íslands skal hafa Atvinnubótasjóðinn í sinni
 vörzlu og annast bókhald sjóðsins og daglega afgreiðslu mála hans.

Með lögum þessum um Atvinnubótasjóð vinnst fyrst og fremst
 þetta:

- 1) Komið er föstu skipulagi á ráðstafanir til jafnvægis í byggð
 landsins.
- 2) Ráðstafað er allverulegum fjárhæðum til þessara þarfa.
- 3) Tryggð er reglubundin starfsemi í stað handahófskenndra að-
 gerða.

Síðan Atvinnubótasjóðurinn var stofnaður hafa lán og styrkir úr
 honum numið sem hér segir:

1962 9,9 millj. króna.

1963 15,4 — —

Aukning skipastólsins

Eitt af því, sem stjórnarandstaðan heldur fram, er, að viðreisnar-
 stefnan hafi skert möguleika atvinnuveganna til fjárfestingar. Er
 því ekki sízt haldið fram, að þetta hafi komið fram á aukningu skipa-
 stólsins.

Í forustugrein Tímans 21. september sl. segir:

„Skip hafa um það bil tvöfaldast í verði síðan „viðreisnin“
 kom til sögunnar og svipað gildir um flestar framkvæmdir í
 þágu sjávarútvegsins. Tekjur útgerðarinnar hafa hvergi nærri
 aukizt tilsvarendi. Vextir hafa hins vegar stórhækkað og lán
 lækkað hlutfallslega, ef miðað er við stofnkostnað. Möguleikar
 efnalítilla dugandi fiskimanna til að eignast eigin skip hafa
 því verið stórskertir síðan „viðreisnin“ kom til sögunnar.“

Hverjar eru staðreyndirnar?

Hér fer á eftir tafla, er sýnir stærð skipaflota þjóðarinnar í árslok
 1958 og árslok 1962 og aukningu þá, sem orðið hefur á þessu tímabili:

| | 1958 | | 1962 | | Aukning | | |
|--|------|-----------------|------|-----------------|---------|--------|-------|
| | Tala | Brúttó rúml. | Tala | Brúttó rúml. | Tala | rúml. | % |
| Farþega- og flutningaskip | 27 | 39.393 | 33 | 47.536 | 6 | 8.143 | 20.6 |
| Togarar | 44 | 29.024 | 47 | 32.816 | 3 | 3.792 | 13.0 |
| Fiskiskip yfir 100 rúml. | 49 | 7.561 | 111 | 18.206 | 62 | 10.645 | 140.7 |
| Þyljuð fiskiskip undir 100 rúmllestum | 614 | 21.213 | 676 | 23.591 | 62 | 2.378 | 11.2 |
| Önnur skip | 14 | 16.165 | 24 | 17.769 | 10 | 1.604 | 9.9 |
| | 748 | 113.356 | 891 | 139.918 | 143 | 26.562 | 23.4 |

Þessi tafla skýrir sig sjálf. Gífurleg aukning hefur orðið á skipastóli landsmanna, frá því að vinstri stórnin lét af störfum, fram til ársloka 1962. Mest er aukningin á fiskiskipum, yfir 100 rúmlestir, og hefur rúmlestatala þeirra aukizt yfir 140%, en aukning skipaflotans í heild hefur numið rúmlega 23%. Tala og rúmlestafjöldi nýrra skipa er raunverulega þó hærri en fram kemur á töflu þessari, því að í henni er búið að taka tillit til þeirra skipa, sem á tímabilinu hafa verið felld niður af skipaskrá.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir tölu og rúmlestafjölda þeirra skipa, sem bættust í flotann á þessu tímabili.

| | 1959 | 1960 | 1961 | 1962 | Samtals |
|---------------------------|----------|-----------|----------|----------|------------|
| Tala rúml. | | | | | |
| Farþega- og flutningaskip | 4 3.153 | 1 2.339 | 1 1.909 | 4 2.400 | 10 9.801 |
| Togarar | 1 639 | 5 4.833 | | | 6 5.472 |
| Fiskiskip | 31 3.758 | 53 5.802 | 38 1.671 | 59 2.134 | 181 13.365 |
| Önnur skip | | 1 882 | 3 960 | 2 896 | 6 2.738 |
| | 36 7.550 | 60 13.856 | 42 4.540 | 65 5.430 | 203 31.376 |

Um sl. áramót var vitað um 52 skip í smíðum fyrir íslenska aðila, þar af 49 fiskiskip og 3 flutningaskip; síðan hafa margar nýsmíðar bætt í hópin.

Almannavarnir

Haustið 1961 ákvað **Jóhann Hafstein**, þáverandi dómsmálaráðherra, að hafinn skyldi undirbúningur almannavarna, þ. á m. samning ýtarlegrar löggjafar. Varð þá að ráði, að tilteknir embættismenn tókust á hendur ferð til Norðurlanda til þess að kynna sér aðgerðir og reynslu þessara þjóða, sem taldar eru standa framarlega í þessum málum. Jafnframt voru gerðar ráðstafanir til þess að fá hingað sérfræðing á þessu sviði. Í ársbyrjun 1962 fól **Bjarni Benediktsson**, dómsmálaráðherra, **Jóhanni Hafstein**, bankastjóra, að hafa forgöngu um að undirbúa frumvarp að nýrri löggjöf um almannavarnir. Í samráði við hann unnu svo aðallega tilteknir embættismenn að samningu frumvarpsins, sem lagt var fyrir Alþingi. Það var samþykkt sem lög frá Alþingi 17. desember 1962.

Í lögum þessum er tekið fram, að hlutverk almannavarna sé að

- 1) skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða og veita

líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila skv. lögum og

- 2) veita aðstoð samkvæmt fyrirætlum dómsmálaráðherra, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá.

Lögin hafa að geyma ákvæði um skipulag almannavarna, hjálparlið, er kveðja má til starfa, einkavarnir, flutning fólks af hættusvæðum o. fl.

Hér er hins vegar ekki um algjöra nýjung að ræða í íslenskri löggjöf. Fyrstu ákvæði í íslenskum lögum um loftvarnarráðstafanir er að finna í bráðabirgðalögum um loftvarnarráðstafanir frá 2. ágúst 1940, sem samþykkt voru á Alþingi, sem lög nr. 52/1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum. Með lögum nr. 103/1951 var gerð breyting á lögnum frá 1941 og ákveðið að haga skipan loftvarnanefnda með nokkuð öðrum hætti en eldri lögin ákváðu. Í júní 1951 var skipuð loftvarnanefnd í Reykjavík og tók hún þegar til starfa, en frá stríðslokum hafði öll slík starfsemi legið niðri hér. Árið 1957 voru allar fjárveitingar af hálfu ríkissjóðs til aðgerðar loftvarnarnefndar felldar niður, en höfðu verið áður 750 þúsund kr. á ári á móti jafnháu framlagi Bæjarsjóðs Reykjavíkur. Reykjavíkurbær hélt áfram óbreyttu framlagi sínu 1957, en veitti síðan minni upphæðir til nauðsynlegrar varðveislu þeirra tækja og birgða, sem nefndin hafði aflað. Hafði vinstri stjórnin þannig skilið svo við þessi mál, að allar varúðarráðstafanir til varnar, aðstoðar og líknar almenningi, sem leiða kynnu af hernaðaragerðum annarra þjóða, voru með öllu niður fallnar. Það var því vissulega ekki að ófyrirsynju, að núverandi ríkisstjórn tók málið upp haustið 1961, þegar „spennan“ í heimsmálunum og ófriðarblikan var meiri en oftast áður frá því heimsstyrjöldinni lauk.

Frá því sem áður var er nú sú breyting gerð á skipan þessarra mála, að ríkið hefur forgöngu og tekur ákvarðanir að höfðu samráði við sveitastjórnir um það, hvort gripið skuli til almannavarna, í stað þess, að áður var ætlunin sú, að sveitarfélögin hefðu forgöngu í þessum efnunum. Nú er gert ráð fyrir, að einum manni verði falin forstjórn almannavarna ásamt þar til kjörinni nefnd, en þó mun landlæknir hafa forustu í þeim efnunum, er sérstaklega varða sjúkrahús. Samfara þessu er gert ráð fyrir, að skipting kostnaðar verði öðru vísi en áður var, eða meira sveitafélögnum í hag. Höfuðverkefni varnanna á að vera að koma upp viðvörðunarkerfi, skipuleggja hjálparstörf og hjálparlið og flokka þau niður til ýmiss konar þjónustu, hafa eftirlit með einkavörnum, íbúðum, atvinnutækjum og stofnunum, ennfremur annast um byggingu, búnað og rekstur opinberra öryggisbyggja, tryggja fjar-skiptakerfi, hafa birgðageymslur, birgðavörzlu, annast undirbúning og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæði og svo aðrar ráðstafanir, sem hverju sinni þykir óhjákvæmilegt að gerðar verði.

Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, taldi við umræðurnar um málið á Alþingi 13. marz 1962, að menn hlytu að koma sér saman um að óverjandi væri annað en að gera þessar varúðarráðstafanir og sagði:

„Mönnum getur að visu sýnt sitt hvað um, hversu langt skuli ganga, en allar þjóðir hafa gert eitthvað í þessa átt og flestar miklu meira. Framkvæmdir okkar takmarkast af eðlilegum hætti mjög af okkar getuleysi og allri aðstöðu hér á landi. Við óskum þess af heilum hug, að ekki þurfi að grípa til þessarra ráðstafana, en við skulum játa, að það væri þung ábyrgð, að gera það ekki, vegna þess að ef illa fer, kunna þær þó að geta forðað frá og bætt úr miklu tjóni, sem ella hlyti að verða. Auk þess sem hafa ber í huga, að margt af því, sem samkvæmt þessu frumvarpi ber að gera, kemur að gagni jafnvel þótt ófrið beri ekki að höndum. Þær birgðir og viðbúnaður eins og sjúkrarúm og annað slíkt, sem safnað er, verða til nytja í mörgum öðrum tilfellum, og því engan veginn á glæ kastað, sem í þessu skyni er varið, og eins og ég gat um í upphafi míns máls, þá er hér ekki einungis um að ræða viðbúnað gegn hernaðarhættu, heldur gegn ýmiss konar annarri vá, sem við verðum ætíð að vera viðbúin.“
(Morgunblaðið, 14. marz 1962.)

Þáttur kommúnista:

Á Alþingi stóðu kommúnistar í miklu málþófi út af máli þessu. Kenndi þar ýmissa grasa. Kom meðal annars fram, að

- 1) kommúnistar átöldu ríkisstjórnina fyrir sleifarlag í almannavörnum — en voru samt andvígir setningu laga um almannavarnir,
- 2) kommúnistar sögðu dvöl varnarliðsins hér á landi orsök árásarhættunnar — en báru samt á sínum tíma stjórnskipulega ábyrgð á því, að ekki var framkvæmd ályktun Alþingis frá 28. marz 1956 um brottför þess og
- 3) kommúnistar töldu, að atómstyrjöld myndi tortíma þjóðinni — en samt kröfðust þeir, að Íslendingar segðu sig úr varnarsamtökum frjálsra þjóða, sem ein megna að koma í veg fyrir ófriðarbál.

Þessi tvískinnungur kommúnista bar vott um, að þeir hefðu eitt hvert hugboð um, hvaðan Íslendingum stafaði árásarhætta. Hinn greindasti þeirra, Einar Olgeirsson, viðurkenndi og, að flugvellir landsins hefðu hernaðarlega þýðingu hvort sem hér væri varnarlið eða ekki. Hann sá og við þeim vanda. Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur skyldu gerðir ónothæfir.

Spurning:

Hvað um stefnu kommúnista í almannavörnum?

Verður hún nothæf

- 1) í kosningastefnuskrá þeirra eða
- 2) til sálgreiningar á forsprökum þeirra?

„Notagildi íhaldsþingmanna“

Framsóknarmenn hafa verið ópreytandi allt þetta kjörtímabil að lýsa skelfingum og ógnum þeim, sem þeir hafa talið stafa af viðreisnarstefnu ríkisstjórnarinnar. Í tíma og ótíma hafa þeir haldið fram, að verið væri að stöðva sókn þjóðarinnar til framfara í landinu. Þeir hafa séð stöðnun og afturför í atvinnulífínu og framkvæmdum, hvar sem þeir hafa augum litið. Erfitt hefur verið að finna fullyrðingum þessum nokkra stoð í veruleikanum, svo sem von er til, og sjaldan raunar gerð tilraun til þess. Þó hefur verið alltiðrætt um Austfirði í þessu sambandi með sérstöku tilliti til framkvæmda í síldariðnaðinum. Hafa Framsóknarmenn talað um ástandið þar, sem sérstakt dæmi um sleifarlag stjórnarvaldanna og litlar framkvæmdir.

Hið rétta er:

Síðan 1958 hafa eftirfarandi breytingar átt sér stað á afkastagetu síldarverksmiðja á Austfjörðum:

| | |
|---------------------------|-------------------------|
| Bakkafjörður | 500 mál, ný verksmiðja. |
| Vopnafjörður | 500 — viðbót. |
| Seyðisfjörður | 2300 — — |
| Neskaupstaður | 1400 — — |
| Eskifjörður | 200 — — |
| Reyðarfjörður | 1500 — ný verksmiðja. |
| Fáskrúðsfjörður | 1100 — viðbót. |

Samkvæmt þessu hefur afkastageta verksmiðjanna aukizt frá 1958 um 7500 mál. En auk þess eru nú í undirbúningi tvær verksmiðjur með 500 mála afköstum hvor, á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík.

Á árinu 1958 voru afköst allra verksmiðja í Austurlandskjördæmi 10—12 þús. mál. Hefur því afkastagetan aukizt síðan um 60—75%.

Í Tímanum 5. ágúst 1960 er birt grein úr málgagni Framsóknarmanna á Austurlandi undir fyrirsögninni: „Núverandi stjórnarflokkar hafa alveg stöðvað framfarir til bættrar síldarvinnslu á Austurlandi.“

Lokaorð greinarinnar:

„Að visu eru menn nú reynslunni ríkari um notagildi íhaldsþingmanna fyrir Austfirðinga — en sú reynsla er dýr. Hún kostar ómælt tap fyrir austfirzku sjóþorpín, síldveiðiflotann og þjóðarbúið í heild.“

Menningarmál

Núverandi ríkisstjórn hefur verið athafnasöm á sviði menningar- og menntamála. Hefur hún komið á fót nýjum menningarstofnunum og eftl ýmsar, sem fyrir hafa verið. Skal hér getið nokkurra helztu aðgerða á þessu sviði.

Handritastofnun Íslands. Á 50 ára afmælishátíð Háskóla Íslands 6. október 1961 lýsti menntamálaráðherra yfir því af hálfu ríkisstjórnarinnar, að hún hefði ákveðið að leggja til við Alþingi, að komið yrði á fót stofnun til þess að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar, með því að afla og varðveita gögn um þessi efni, sinna rannsóknnum á heimildum um þau, hafa með höndum útgáfu handrita og fræðiritra o. s. frv. Loforð þetta var efnt með setningu laga nr. 36 1962, um Handritastofnun Íslands. Í tillögum þessum er kveðið svo á, að komið skuli á fót Handritastofnun Íslands í þeim tilgangi, sem áður greinir. Stjórn stofnunarinnar er falin nefnd, sem er skipuð þrem prófessorum við Háskóla Íslands, kosnum af Háskólaráði til fjöggra ára í senn, landsbókaverði, þjóðskjalaverði, þjóðminaverði og forstöðumanni stofnunarinnar.

Þegar lög þau, sem þjóðþing Dana samþykkti vorið 1961, um afhendingu íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda og koma skal á fót „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“, er gert ráð fyrir að hún verði kjarni þessarar handritastofnunar.

Listasafn ríkisins. Í ársbyrjun 1957 fól þáverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, sérstakri nefnd að semja frumvarp til laga um listasafn. Nefnd þessi kynnti sér tiltæk gögn um ríkislistasöfn á Norðurlöndum og hafði til hliðsjónar við samningu frumvarps að lögum um listasafn og í frumvarpi því, er hún samdi, var farin mjög svipuð leið og farin er á hinum Norðurlöndunum í þessum efnunum, en þó leitast við að sníða það eftir sérhættum okkar Íslendinga. Frumvarp það, sem nefndin skilaði menntamálaráðuneytinu, var með nokkrum breytingum lagt fyrir Alþingi árið 1960 og samþykkt sem lög nr. 53 1961 um Listasafn ríkisins. Í tillögum þessum er kveðið svo á, að safnið skuli vera eign íslenzka ríkisins, ennfremur að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn þess. Hlutverk listasafnsins er m. a. að afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna, afla erlendra viðurkenndra listaverka og annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda. Sérstök safnstjórn, sem skipuð er að meirihluta fulltrúum myndlistarmanna, tekur m. a. ákvörðun um kaup listaverka til þess. Hafði menntamálaráð áður yfirstjórn Listasafns ríkisins og ákvörðunarvald um kaup listaverka til þess og taka lögin þessi mál úr hönd-

um ráðsins, en kveða svo á, að Menningarsjóður greiði listasafninu a. m. k. 500 þús. kr. árlega af tekjum sínum til listaverkakaupa.

Kennaraskólinn. Ein frumnauðsyn góðs skólakerfis er, að verðandi kennarar eigi kost á góðri og traustri menntun. Nokkuð hefur á það skort undanfarna áratugi, að kennurum hafi verið búin nægilega góð menntunarskilyrði. Undanfarið hefur ekki aðeins verið unnið að því að koma upp nýju húsnæði fyrir Kennaraskólann, heldur hefur einnig verið starfað að því að undirbúa algera nýskipan á skólanum sjálfum, skipulagi hans og námsefni í því skyni að bæta menntunarskilyrði kennarastéttarinnar. Í febrúar 1960 skipaði Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra, nefnd til að endurskoða gildandi lög um Kennaraskóla Íslands og semja frumvarp til laga um skólann. Nefnd þessi lauk störfum í september 1961. Var síðan önnur nefnd skipuð til frekari athugunar á málinu. Niðurstaða þessarar athugunar kom fram í frumvarpi, sem samþykkt var á Alþingi 18. þ. m. sem lög um Kennaraskóla Íslands. Með lögum þessum eru gerðar þær megin breytingar á Kennaraskólanum, að skólinn fær réttindi til þess að brautskrá stúdenta, stofnuð verður framhaldsdeild við skólann, komið er á fót undirbúningsdeild fyrir sérkennara, æfingarkennsla verður aukin og nokkuð kjörfrelsi er leyft um námsefni. Þess er að vænta, að endurskipulagning Kennaraskólans verði bæði kennarastéttinni og íslenzkri æsku til mikilla hagsbóta. Hér hefur verið stigið mikið framfaraspör í fræðslumálum þjóðarinnar.

Tækniskóli Íslands. Haustið 1961 skipaði Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra, nefnd til þess að semja frumvarp til laga um stofnun tækniskóla á Íslandi. Hlutverk nefndarinnar var að gera tillögur um úrbætur á fræðsluferfinu, sem miðuðu að því að koma á fót tæknifræðslu, er bætti úr þörf þjóðfélagsins fyrir tæknimenntaða menn. Frumvarp nefndarinnar var lagt fyrir Alþingi og samþykkt 19. þ. m. sem lög um Tækniskóla Íslands. Samkvæmt lögum þessum er heimilt að stofna í Reykjavík skóla, sem nefnist Tækniskóli Íslands. Markmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að taka sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Heimilt er, að skólinn starfi í deildum og skal deildarskipun ákveðin í reglugerð. Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðherra skal fara með yfirstjórn skólans. Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild við skólann, bæði í Reykjavík og á Akureyri. Hlutverk undirbúningsdeildar er að búa þá nemendur, sem hafa nægilega verklega þjálfun, undir nám í tækniskólanum með kennslu í undirstöðuatriðum tæknináms svo sem stærðfræði og eðlisfræði. Ekki fer á milli mála að nauðsynlegt er að auka tæknimenntun þjóðarinnar og þá sérstaklega með fjölgun tæknifræðinga, og er skóla þessum ætlað að bæta úr þessari þörf.

Tónlistarskólar. Hinn 27. maí 1960 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu frá Magnúsi Jónssyni o. fl., þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem meðal annars séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þyrftu að uppfylla til að njóta ríkisstyrks. Í framhaldi af þessu fól menntamálaráðherra tilteknum mönnum að semja frumvarp til laga um fjárhagsstuðning við tónlistarskóla. Var frumvarp um þetta efni lagt fyrir Alþingi og samþykkt 9. þ. m. sem lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Meginstefna þessara laga er sú, að tónlistarskólarnir verða áfram eins og verið hefur einkaskólar, en njóti fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóði. Gera lögín ráð fyrir, að skólarnir fái allt að $\frac{1}{3}$ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi viðkomandi sveitarfélags. Jafnframt kveða lögín á um, hvaða skilyrði tónlistarskóli þurfi að fullnægja til að telast styrkhæfur. Með lögum þessum er komið fastara skipulagi á tónlistarfræðslu í landinu en áður var og lagður grundvöllur að verulegum framförum á þessu sviði.

Útgefandi: Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.
Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Ísafoldarprentsmiðja h.f.